



Hagstæðasta bílalánið

FRJÁLSI

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

23. maí 2005 - 135. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is - Sími: 550 5000

MÁNUDAGUR

Pingmaður á síld

Magnús Þór Hafsteinsson alþingismaður er farinn til sjós sem háseti á síldarbátum Bjarna Ólafssyni.



TÍMAMÓT 18

Erum miklu betri en Færeyingar í handbolta

Íslensku handboltalandslíðin unnu alla fjóra leikina gegn Færeyingum í heimsókn karla- og kvennalíðsins til Færeyja um helgina.



ÍPRÓTTIR 23


Dómari hættir

Stefán Pálsson er hættur sem dómari í Gettu betur. Óvíst er hver tekur við. Logi Bergmann heldur þó áfram.



FÓLK 30

VEÐRIÐ Í DAG



SKÝJAD MED KÖFLUM sunnan og vestan til. Stöku el á Norður- og Austurlandi og gæti skúrað lítið eitt suðaustan til. Hiti 0-9 stig að deginum, mildast sunnan til.

VEÐUR 4

Krefjast bóta vegna vanrækslu verktaka

Verulegar skemmdir hafa komið fram á nýlegu húsi í Grafarholti. Íbúarnir vilja bætur en eru í vanda þar sem verktakinn er í gjaldþrotameðferð. Algengt er að byggingarstjórar ræki ekki skyldur sínar, segir byggingarfulltrúi Reykjavíkur.

HÚSNÆÐI „Því miður er raunin sú að margir byggingarstjórar rækja ekki skyldur sínar og biðja ekki um úttekt á þeim húsum sem þeir reisa,“ segir Magnús Sædal Svavarsson, byggingarfulltrúi Reykjavíkurborgar.

Íbúar í fimm ára gömlu fjölbýlishúsi í Grafarholti ihuga að höfða mál vegna vanefnda verktakanna og galla á byggingunni. Engin lokaúttekt var gerð á húsinu fyrir en íbúi fór þess á leit við byggingarfulltrúa að það yrði gert. Byggingin er ekki lögformlega risin fyrir en slík úttekt hefur verið

gerð og ýmsar tryggingar taka ekki gildi fyrir en þá. Þegar lokaúttektin var loks gerð kom í ljós að byggingin stóðst ekki ýmis grundvallarskilryði, til dæmis um brunavarnir. Þá leka nokkrar íbúðanna og sums staðar hefur kvarnast úr múrverkinu. Verktakarnir eru í gjaldþrotameðferð og geta ekki lokið við bygginguna.

Magnús segir ábyrgðina á lokaúttekt liggja hjá byggingarstjórnunum, en eigendur íbúðanna sem og tryggingafélög sem seldu verktökunum starfsábyrgðartryggingu einnig geta farið fram á úttekt.

„Oft lendir sú vinna sem sneri að byggingarstjórnunum á yfirvöldum. Þetta getur kostað tafir og er dýrt,“ segir Magnús. Hann segir að staða íbúa í tilfalli sem þessu fari eftir samningum þeirra við verktakann. „Fólk getur lent í því að þurfa að ljúka við bygginguna á eigin kostnað og er í slíkum tilfellum hreinlega að tvígreiða fyrir íbúðina.“

Íbúar fjölbýlishússins í Grafarholti fara fram á að fá greitt úr tryggingarsjóði byggingarstjóra. Þeir bíða nú eftir skýrslu frá dómskvöddum matsmanni áður en þeir ákveða frekari aðgerðir. - bs

Móðgaði blökkumenn

MEXÍKÓ, AP Vicente Fox, forseti Mexíkó, reyndi í gær að skýra ummæli sem hann lét falla og fulltrúar bandarískra blökkumanna tóku mjög illa. Fyrir í mánuðinum var haft eftir Fox í útvarpsviðtali að Mexíkanar í Bandaríkjunum tækju þar að sér störf „sem ekki einu sinni svartir vilja“.



VICENTE FOX

Fox tjáði sig fyrst í gær um þau viðbrögð sem ummæli hans fengu og sagði að þau hefðu verið mistúlkuð. Hann hefði í umræddu viðtali verið að gagnrýna ströng ný innflytjendalög sem bandaríska öldungadeildin samþykkti fyrir skemmstu, en þau setja fjölda mexíkóskra ríkisborgara í Bandaríkjunum í vanda. ■



MARKI FAGNAÐ Tryggvi Guðmundsson fór á kostum og skoraði þrjú mörk fyrir FH-inga á stórsigri þeirra á Grindvíkingum í gær. Tryggvi skoraði þar með fyrstu þrennu sumarsins í efstu deild Íslandsmóts karla og er kominn með fjögur mörk í tveimur leikjum. Heimir Guðjónsson, fyrirlíði FH, rekur Tryggva hér koss á kollinn eftir að hann skoraði eitt marka sinna.

Íslandsmótið í knattspyrnu: Tryggvi með þrennu

FÓTBOLTI Tryggvi Guðmundsson skoraði fyrstu þrennu Íslandsmótsins þegar Íslandsmeistarar FH sóttu Grindvíkinga heim og sigruðu örugglega, 5-1.

FH-ingar hafa byrjað Íslandsmótið af krafti, unnið tvo fyrstu leiki sína og skorað átta mörk í þeim. Þar af hefur Tryggvi Guðmundsson, sem sneri heim úr atvinnumennsku fyrir mótið, skorað helminginn.

Þrír aðrir leikir fóru fram í efstu deild karla í gær. Fylkir vann Þrótt 2-1 á Laugardalsvelli, Keflvíkingar lögðu Eyjamenn 3-2 á útivelli og í Vesturbænum báru KR-ingar sigurorð af Frómurum með einu marki gegn engu.

Síðasti leikur annarrar umferðar fer fram á Hlíðarenda í kvöld þar sem heimamenn í Val taka á móti Skagamönnum.

Sjá síður 20 til 23

Þýskir jafnaðarmenn bíða afhroð í héraði: Schröder boðar kosningar í haust

ÞÝSKALAND Gerhard Schröder, kanslari Þýskalands, sagðist í gær vilja að kosningum til Sambandsþingsins yrði flýtt um heilt ár, til komandi hausts, í kjölfar mikils ósigurs jafnaðarmanna-flokksins SPD í héraðsþingkosningum í Nordrhein-Westfalen. Flokkurinn hafði haldið um stjórntaumana í þessu fjölmennasta sambandslandi Þýskalands í 39 ár samfleytt er kristilegir demókratar unnu þar afgerandi sigur í gær.

Það kom flestum á óvart er Schröder og Franz Müntefering, formaður SPD, tilkynntu eftir að fyrstu tölur gáfu afhroð flokksins til kynna, að þeir myndu leggja það til á flokksstjórnarfundum í dag, mánudag, að kosningum til



GERHARD SCHRÖDER Kanslarinn segir ekki annað hægt en að flýta kosningum.

Sambandsþingsins yrði flýtt og þær látnar fara fram strax í haust.

„Þetta er pólitískt sjálfsmorð,“ sagði einn furðu lostinn flokksmaður sem mættur var á kosningavöku í höfuðstöðvar flokksins í Berlín, eftir því sem greint er frá á fréttavef Der Spiegel.

Schröder sagði úrslitin í þessu kjarnavígi SPD þýða að gefa bæri kjósendum í landinu öllu tækifæri til að segja skýrt hverjir þeir vildu að stjórnunni þvi. Úrslitin græfu verulega undan því umboði sem hann og ríkisstjórnin hefðu til þess hlutverks og því væri það eina rétta að boða kosningar strax.

Sjá einnig síðu 4 - aa

Mest lesna bílblaðið

FRÉTTABLAÐIÐ 45%

Morgunblaðið 29%

Karlar 20-40 ára

Lestur bílaablaða samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup maí 2005

VÍKULEGAR SIGLINGAR

ATLANTSSKIP

FLYTJUA VÖRUR

FRÁ EVRÓPU

Laugardagur

Kollafjörður / Færeyjar

591 3000



SPURNING DAGSINS

Lúðvík, tóku börnin völdin?

„Já. Tæplega þrjúhundruð manna hópur hefur mikil áhrif.“

Á nýfástöðnum landsfundi Samfylkingarinnar var kosið til embættis varaformanns og Ágúst Ólafur Ágústsson var kjörinn með töluræðum meirihluta atkvæða. Ágúst hefur haft mikinn stuðning yfirlis í Samfylkingunni, sem fjölmennti á fundinum. Lúðvík Bergvinsson var einn þeirra sem buðu sig fram til varaformanns.

Smit á norsku sjúkrahúsi:

Hermannaveiki staðfest

NOREGUR Staðfest var í gær að banamein þriggja aldraðra sjúklinga á sjúkrahúsi í Fredrikstad í Noregi hefði verið hermannaveiki.

Á fréttavef Aftenposten kemur fram að alls hafi 21 sjúklingur á sjúkrahúsinu smitast af sjúkdómnum svo vitað sé.

Enn fremur hefur verið tilkynnt um tvö hermannaveikitelli á öðrum norsku sjúkrahúsum. Báðir voru þessir sjúklingar nýlega í Fredrikstad eða nágrenni. Smituppsprettunnar er ákaft leitað og hefur verið gripið til ráðstafana með það fyrir augum að fyrirbyggja frekara smit. ■



VEIKUR SJÓMAÐUR DREGINN UPP Í TF-LIF Vel gekk að koma sjúklingnum um borð í þyrluna þótt nokkur sjógangur hafi verið.

Gæslan í sjúkraflugi:

Fékk beiðni frá Madrid

SJÚKRAFLUG Sækja varð veikan sjómán í gær úr spænska togaranum Hermanos Gandon Quadro, sem var á karfaveiðum 220 sjómílu suðvestur af Reykjanesi. Þótti skipverjum allt benda til þess að hann hefði fengið botnlangakast. Landhelgisgæslunni barst beiðni frá björgunarsstöðinni í Madrid um ellefuleytið í gær og var þyrla Gæslunnar komin í loftið rétt fyrir klukkan eitt.

Þar sem þyrlan átti langt flug fyrir höndum og flugvél Landhelgisgæslunar var biluð fékk þyrlan öryggisfylgd frá einni af þyrlum varnarliðsins. Sjúkrafluglúð gekk vel, að sögn læknis. -jse

Ný tilfelli fuglaflensu greinast í vesturhluta Kína:

Bráðaaðgerðir fyrirskipaðar

KÍNA, AP Kínversk stjórnvöld hafa fyrirskipað bráðaaðgerðir til að hindra útbreiðslu fuglaflensu, í kjölfar þess að í ljós kom að farfluglar sem fundust dauðir í vesturhluta landsins fyrir í þessum mánuði hefðu verið sýktir af veirunni.

Meðal bráðaaðgerðanna er að loka náttúruverndarsvæðum fyrir allri umferð. Héraðsýfirvöld á svæðinu þar sem dauðu farfluglarnir fundust hafa fengið fyrir-mæli um að rannsaka hvort villtir fuglar sýni einhver einkenni fuglaflensusmits. Sóttkvíar skulu settar upp ef þurfa þykir, að því er Xinhua-fréttastofan kínverska

greindi frá. Bændum á jörðum sem farfluglar frá Suðaustur-Asíu eiga leið um hefur verið gert að bólusetja alifugla á býlum sínum og almenningi ráðlagt að halda sig frá öllu fíðurfé.

Tilkynningin um aðgerðirnar barst samdægurs og kínverska landbúnaðarráðuneytið greindi frá því að farfluglar sem fundust dauðir í Qinghai-sýslu í Vestur-Kína 4. maí hefðu verið sýktir af skæðasta afbrigði veirunnar. ■

HALDI SIG FRÁ FÍÐURFÉ Kínversk stúlka og kjúklingur kjá framán í hvort annað á markaði í Peking í gær. Stjórnvöld hafa ráðið fólki frá því að koma nálægt fíðurfé vegna hættu á útbreiðslu fuglaflensu.



Umhverfismál:

Kínverjar vilja samstarf

ALÞJÓBASAMSKIPTI Mikill vilji er hjá yfirvöldum í borginni Qingdao í Kína að starfa með Íslendingum á sviði umhverfismála, bæði milli stofnana og fyrirtækja. Þetta kom fram á fundi sem Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra átti í fyrradag með fulltrúum umhverfisvæðingvalda í borginni, sem er meðal stærstu hafnarborga landsins. Við þetta tækifæri var undirritaður samningur um frystingumslu fyrir fiskafurðir á milli Atlantis og Kínverskra aðila að viðstöddum forseta Íslands.

Í Qingdao er nú starfandi fiskvinnslufyrirtæki í eigu Íslendinga. -jse

Annríki hjá lögreglu:

Víða ölváðir ökumenn

LÖGREGLUMÁL Margir keyrðu fullir um helgina að sögn lögreglu víða um land. Tólf ökumenn voru til að mynda stöðvaðir á höfuðborgarsvæðinu í fyrrinótt.

Lögreglan í Keflavík stöðvaði ungan ökumann alldrúkkinn undir stýri sömu nótt og hafði lögreglu-maður orð á því að stimpillinn á ökuskipteini hans hefði varla verið þornaður, en pilturinn fékk skírteinið nokkrum dögum áður.

Á Norðurlandi hafði lögreglan afskipti af sex ökumönnum vegna ölvunaraksturs og á Austfjörðum greip lögreglan tvo stúta við stýri. -jse

INDLAND

SPRENGT Í DELÍ Einn maður lét lífið og að minnsta kosti 49 særðust er sprengjur sprungu í tveimur bíóhúsum í indversku höfuðborginni Delí í gær. Í báðum bíóum var verið að sýna kvikmynd sem trúarleiðtogar síkha hafa gagnrýnt mjög og telja niðurlægja trú þeirra.

SUÐUR-AFRÍKA

TÁNINGAR DRUKKNA Sjö suður-afrískar táningsstúlkur á skólaferðalagi drukknuðu í gær undan austurströnd landsins. Allstór hópur unglunga, á aldrinum 16-17 ára, hafði stungið sér til sunds snemma morguns áður en strandverðir voru mættir til vinnu og lenti í útsoginu.

LÖGREGLUMÁL

FÓTBROTNAÐI VIÐ GULLFOSS Kona um sjötugt fótbrotnaði þegar hún var ásamt ferðahóp í skoðunarferð við Gullfoss um miðjan dag í gær. Sjúkrabíll frá Selfossi náði í konuna og fór með hana á sjúkrahús í Reykjavík. Konan, sem er ensk, var mjög kvalin þegar náð var í hana.



ENGEY RE 1 Skipið er 105 metra langt og 20 metra breitt. Áhöfnin telur 26 manns. Hægt er að frysta allt að 250 tonn á sólarhring.

Stærsta skip flotans komið til hafnar

Skuttogarinn Engey RE 1 lagði að bryggju í Reykjavík í gær. Skipið er í eigu HB Granda. Það er afar vel búíð og afkastageta þess mikil. Skipstjórinn býst við að halda á miðin eftir sjómannadag.

SJÁVARÚTVEGUR „Ég býst að geta skilað einhverjum afla í land,“ segir Þórður Magnússon, skipstjóri Engeyarinnar, stærsta skips íslenska flotans.

Engey RE 1 lagði að bryggju við Norðurgarð í Reykjavíkurhöfn um miðjan dag í gær. Skipið, sem er í eigu HB Granda, er engin smásmíð; það er 105 metra langt, 20 metra breitt og 7.800 brúttótonn að þyngd og 26 skipverjar eru um borð.

Skipið var smíðað á Spáni fyrir rúmum áratug en HB Grandi keypti það síðastliðið haust og lét gera upp í Póllandi. „Það er frábært að sigla þessu skipi, það lætur vel að stjórn,“ segir Þórður

Magnússon, skipstjóri á Engey. Togarinn verður notaður til veiða á loðnu, síld og kolmunna. Endurbætur á skipinu miðuðust við að útbúa það sem best til uppsjávarveiða og er allur vinnslubúnaðurinn nýr, þar á meðal tuttugu lóðrétt frystitæki og sjö sjálfvirkar síldarflökunarvél.

Þórður er bjartsýnn á veiðarnar enda er tækjábúnaður skipsins eins og best verður á kosið og afkastageta þess feikileg; afli er sjúkældur um leið og honum er dælt um borð og þangað til hann er flakadur. Flökunum er pakkað um borð og rúmar frystigeymsla skipsins um tvö þúsund bretti. Hægt er að frysta allt að 250 tonn á sólarhring

og fiskimjölsværsmiðjan um borð afkastar allt að því 150 tonnum af hráefni á sólarhring.

Allar íbúðir í skipinu eru nýjar og aðstaða skipverja um borð er ein sú besta sem völ er á í íslensku fiskiskipi. Þórður segist gera ráð fyrir að láta úr höfn fljótlega eftir sjómannadag, en fram að því verður skipið undirbúið til veiða.

Á föstudag gefst gestum og gangandi tækifæri á að fara um borð og skoða skipið. Þá verður skipið einnig til sýnis á Akranesi áður en það heldur í sína fyrstu veiðiferð. Þórður segist hlakka mikil til að sigla Engeynni út á mið og að fram undan séu spennandi tímar.

bergsteinn@frettabladid.is

Tekist á um athafnir Bandaríkjahers í Afganistan:

Skæruliðar felldir og fangamál rætt

AFGANISTAN, AP Bandarískar hersveitir í Afganistan felldu tólf skæruliða sem réðust á hermenn í eftirlitsleiðangri við landamærin að Pakistan á laugardag, að því er talsmaður hersins greindi frá í gær. Jafnframt fordæmdi talsmaður Sameinuðu þjóðanna misþyrmingu fanga sem uppvíst hefur orðið að voru stundaðar í herstöð Bandaríkjahers í landinu.

Richard Provencher, talsmaður Sp í Afganistan, sagði aðfarirnar „algerlega óafsakanlegar“. „Alvara þessara brota kallar á að öllum hlutadeigandi verði refsað,“ sagði hann og krafðist þess að afganskir fulltrúar sem rannsókuðu málið fengu aðgang að Bagram-herbúðum Bandaríkjahers norðan við Kabúl, þar sem misþyrmingarnar áttu sér stað.

Nýjar upplýsingar um misþyrmingarnar komu fram í grein í New



KARZAI Í BANDARÍKJUNUM Hamid Karzai Afganistanforseti og ríkisstjóri Massachusetts, Mitt Romney, hlýða á þjóðsöngva við komu Karzais til Logan-flugvallar. Hann hélt ræðu í Boston-háskóla í gær.

York Times fyrir helgi, þar sem vitnað er í trúnaðarskýrslu sem unnin var fyrir Bandaríkjaher. Fangamisþyrmingarnar verða með-

al mála sem rædd verða er Hamid Karzai, forseti Afganistans, hittir George W. Bush Bandaríkjaforseta í Hvíta húsinu í dag. ■

STAFRÆNAR MYNDAVÉLAR

Hagnýtt og skemmtilegt námskeið um öll helstu grundvallaratriði stafræna myndavéla og meðferð stafræna mynda í heimilistölvunni.

Stillingar stafræna myndavéla, myndir færðar yfir í tölvuna og æfð meðferð þeirra í tölvu. Skipulag myndasafns í tölvu og grundvallarlagfæringar. Útprintun mynda, myndir skrifaðar á CD, myndir sendar í tölvupósti. Tvö skemmtileg, ókeypis myndvinnsluforrit á Netinu kynnt.



Lengd námskeiðsins er 14 kennslustundir. Kennt er 3 kvöld frá kl. 18.00 – 21.00. Innritun og upplýsingar í síma 544 2210. Verð kr. 15.000,- (Innifalin er ný kennslubók á íslensku).



TÖLVUSKÓLINN PECKING

Faxafan 10 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2210 • www.tsk.is • skoli@tsk.is

KB ÍBÚÐALÁN – NÝJUNG!

VIÐ BORGUM AF ÍBÚÐALÁNINGINU FYRIR ÞIG



Dæmi um mánaðariðgjald af KB Lánavernd m.v. 10 milljóna kr. KB Íbúðalán til 40 ára og að KB Lánavernd taki yfir greiðslur af KB Íbúðaláni í u.þ.b. þrjú ár.

Aldur	Karl	Kona
25 ára	385 kr.	317 kr.
35 ára	538 kr.	522 kr.
45 ára	1.195 kr.	1.069 kr.

Alvarleg áföll gera sjaldnast boð á undan sér og þeir sem fyrir þeim verða eru oft illa í stakk búnir að kljást við fjárhagsskuldbindingar eins og greiðslur af íbúðahúsnæði. KB Lánavernd tryggir greiðslur afborgana og vaxta af KB Íbúðaláni við andlát eða alvarlegan sjúkdóm.

Nánari upplýsingar og umsókn má nálgast hjá ráðgjöfum í síma 444 7000, á kbbanki.is eða í næsta útibúi.

KB Lánavernd er unnin í samvinnu við **KB Líf**, dótturfélag KB banka.



GENGIÐ			
GENGI GJALDMIÐLA 20.05.2005			
		KAUP	SALA
	Bandaríkjadalur USD	64,60	64,90
	Sterlingspund GBP	118,72	119,30
	Evra EUR	81,55	82,01
	Dönsk króna DKK	10,95	11,02
	Norsk króna NOK	10,04	10,10
	Sænsk króna SEK	8,87	8,93
	Japanskt jen JPY	0,60	0,60
	SDR XDR	96,26	96,84

Gengisvísitala krónunnar
113,10 -0,25%

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Grikkir unnu Evrópusöngvakeppnina: Ísland aldrei neðar

EVROPUSÖNGVAKEPPNIN Grikkir unnu Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva í Kænugarði á laugardagskvöldið með laginu „My Number One“ í flutningi söngkonunnar Helenu.

Íslenska lagið lenti í sextánda sæti í undankeppninni á fimmtudagskvöldið, sem má teljast skemmtileg tölfræði í ljósi sögunnar. Spekingar höfðu spáð laginu sigri eða í það minnsta harðri samkeppni við gríska lagið um fyrsta sætið. Athygli vakti að af tíu efstu lögum í aðalkeppninni höfðu sjö þurft að þreya undankeppnina. Þar á meðal voru lögin í þriðja, fjórða og

fimmta sæti og Danir og Norðmenn sem lentu í níunda og tíunda sæti.

Íslendingar þurfa því að taka þátt í undankeppninni aftur að ári og etja þá kappi við Íra, Finna, Svía og Andorrabúa meðal fjölda annarra. Spánn, Þýskaland, Bretland og Frakkland eiga fastan þátttökurétt í aðalkeppninni en lögin frá þeim löndum lentu í fjórum neðstu sætum í Kænugarði á laugardaginn. - bb

GRIKKLAND SIGRAÐI Helena hin fagra tryggði Aþeningum Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva 2006.



Bílvelta í Hrutáfirði:

Heppinn að lifa af

BÍLSLYS Ökumaður velti bifreið sinni á Borgarhálsi í Hrutáfirði í fyrrinótt. Hann var sendur talsvert lemstraður með sjúkrabíl á Heilsgæslustöðina á Hvammstanga.

Bíllinn er gjörónýtur en ökumaður má teljast afar heppinn að hafa sloppið lifandi, að sögn lögreglunnar á Hólmavík. Lögreglumönnum leist ekki á blikuna þegar þeir komu á vettvang þar sem þak bifreiðarinnar var samanpressað fyrir ofan ökumann. Einnig segir lögreglan að ekki hefði þurft að spyrja að leikslokum ef ökumaður hefði ekki verið í bílbelti. - jse

Smit á norsku sjúkráhusi: Hermanna-veiki staðfest

NOREGUR Staðfest var í gær að bana-mein þriggja aldraðra sjúklinga á sjúkráhusi í Fredrikstad í Noregi hefði verið hermannaveiki.

Á fréttavef Aftenposten kemur fram að alls hafi 21 sjúklingur á sjúkráhusinu smitast af sjúkdómnum svo vitad sé.

Enn fremur hefur verið tilkynnt um tvö hermannaveikilífelli á öðrum norsku sjúkráhusum. Báðir voru þessir sjúklingar nýlega í Fredrikstad eða nágrenni. Smituppsprettunnar er ákaft leitað og hefur verið gripið til ráðstafana með það fyrir augum að fyrirbyggja frekara smit. ■

Spenna í Aserbaídsjan:

Mótmælendur handteknir

ASERBAÍDSJAN, AP Lögregla barði mótmælendur með kylfum og handtók fylgismenn stjórnarandstöðunnar sem reyndu um helgina að komast þangað sem áformað var að halda mótmælafund í Bakú, höfuðborg Aserbaídsjans. Stjórnvöld bönnuðu fundinn.

Loft var lævi blandið í Bakú eftir að leiðtogar stjórnarandstöðunnar ákváðu að fundurinn skyldi haldinn þrátt fyrir bannið. Spenna milli stjórnar og stjórnarandstöðu í hinu olíuríka Kákasuslýðveldi, sem áður tilheyrði Sovétríkjunum, hefur farið vaxandi síðan İlham Aliev tók við völdum að föður sínum gengnum, eftir kosningar haustið 2003 sem ekki stóðust neina skoðun. ■

SJÁVARÚTVEGUR

MEIRI VINNSLA Mun meira hefur verið að gera í mjöl- og lýsisvinnslu Eskju í ár en í fyrra, að því er fram kemur á vef félagsins. Vinnslan hefur tekið við 103 þúsund tonnum af kolmunna og loðnu, fjórtán þúsund tonnum meira en í fyrra.

Stærsta vígi þýskra krata féll í gær

Kristilegir demókratar unnu langþráðan sigur í héraðsþingkosningum í Nordrhein-Westfalen. Þeir stefna á að taka einnig við stjórnartaumunum í Berlín í haust.

ÞÝSKALAND Eftir 39 ára samfleytt valdatíð jafnaðarmanna tókst kristilegum demókrötum (CDU) loks í gær að velja þeim úr sessi í Nordrhein-Westfalen, sem með um 18 milljónir íbúa er langfjölmennast hinna 16 sambandslanda Þýskalands.

Í kosningunum til héraðsþingsins urðu kristilegir demókratar langstærsti flokkurinn með um 45 prósent atkvæða. Þeir munu því undir forystu Jürgens Rüttgers halda um stjórnartumana í Düsseldorf næstu fimm árin, reyndar með fulltingi frjálslyndra demókrata sem fengu um sex prósent atkvæða. Græningjar, sem undanfarið kjörtímabil voru í samsteypustjórn með jafnaðarmönnum, fengu einnig um sex prósent fylgi.

Fylgisaukning kristilegra demókrata frá því í síðustu kosningum er um átta prósentustig en fylgi jafnaðarmanna í þessu rótgróna vígi þeirra hefur ekki verið minna í kosningum síðan árið 1954. Það var nú rúm 37 prósent. Frá því árið 1999 hafa jafnaðarmenn tapað héraðsþingkosningum í sjö sambandslöndum. Þessi „ósigurganga“ þeirra er aðallega rakin til þess hve litlum árangri tilraunir ríkisstjórnarinnar til að efla hagvöxt og draga úr atvinnuleysi hafa skilað.

Fyrir kosningarnar í Nordrhein-Westfalen lýstu kristilegir demókratar þær mikilvægan áfanga að því að koma „rauð-grænu“ ríkisstjórninni í Berlín frá völdum í næstu Sambandsþingkosningum. Eftir yfirlýsingu Gerhard Schröders kanslara í gær um að kosningunum skyldi flýtt til komandi hausts er ljóst að CDU hefur færst allverulega



SIGRI FAGNAÐ Jürgen Rüttgers, leiðtogi kristilegra demókrata í Nordrhein-Westfalen, fagnaði úrslitunum ásamt eiginkonunni Angeliku í Düsseldorf í gærkvöld.

nær þessu markmiði sínu.

Flýting kosninganna þýðir enn fremur að nær öruggt er að Angela Merkel, formaður CDU, verði kanslaraefni flokksins. Hugsanlegir innanflokkskeppinautar hennar um það hlutverk, þar á meðal Edmund Stoiber í Bæjara-

landi sem var kanslaraefnið fyrir síðustu kosningar, munu að mati stjórnmalaskýrenda draga sig í hlé og fylkja liði að baki Merkel til að hámarka möguleika flokksins á því að hafa betur í stuttri og snarpri kosningabaráttu.

audunn@frettabladid.is



BRUNAÆFING Í RAUÐVÍK Nýtt og glæsilegt íbúðarhús er risið í Rauðvík og þar sem til stóð að rífa gamla húsið fór Slökkvilið Dalvíkur þess á leit við eigendurna að fá að nota það til brunnaefingar.

Slökkvilið í Eyjafirði:

Kveikti í gömlu húsi

ÆFING Slökkvilið Akureyrar og Slökkvilið Dalvíkur voru í gær með sameiginlega reykköfunar- og brunnaefingu og var gamla íbúðarhúsið í Rauðvík í Eyjafirði brennt til grunna að lokinni æfingu. Erling Þór Júlíusson, slökkviliðsstjóri Slökkviliðs Akureyrar, segir að góð samvinna sé á milli slökkviliðanna þegar á þurfi að halda. Sameining sé þó ekki á döfinni nema Dalvíkurbyggð sameinist Akureyri en um það verður kosið í haust. - kk

Kosið um ESB-sáttmála:

Hollendingar á móti

HOLLAND, AP Hollendingar virðast ætla að hafna stjórnarskráarsáttmála Evrópusambandsins með öruggum meirihluta í þjóðaratkvæðagreiðslu 1. júní.

Samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar sem birt var í gær hyggjast 54 prósent hafna sáttmálanum. Aðeins 27 af hundraði eru ákveðin í að greiða atkvæði með honum. Aðrar skoðanakannanir hafa sýnt svipaða niðurstöðu.


Þjóðaratkvæðagreiðslan er ekki bindandi en hollenska þingið hefur sagst munu hafa niðurstöðu hennar til hlíðsjónar þegar það greiðir atkvæði um fullgildinguna. ■

VEÐRIÐ Í DAG

SKAPLEGT SUNNAN TIL Þetta er allt við það sama. Kannski ekki alveg eins bjart á sunnan og vestan til en að öðru leyti sami grautur í sömu skál. **HVENÆR KOMA HLYNDIN?** Seiðni part vikunnar má fara að reikna með tveggja stafa hitatölum allvíða. Vonum að það standi. **SEGIR ÞETTA KULDAKAST EITTHVAÐ UM KOMANDI SUMAR?** Nei, en norðlægjar áttir svo snemma sumars eru ávisun á svalt veður. Að öðru leyti bendir flest til hins besta sumars!

Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur

Um hádegi



Veðurhorfur í borgum í dag

Kaupmannahöfn	18°C hálfskýjað	Paris	19°C hálfskýjað	Alicante	27°C léttskýjað
Oslo	14°C léttskýjað	Berlín	18°C skúr	Milano	24°C skýjað/skúr
Stokkhólmur	16°C skýjað	Frankfurt	17°C skýjað	New York	15°C skýjað/skúr
Helsinki	19°C hálfskýjað	Madrid	25°C léttskýjað	San Francisco	24°C heiðskirt
London	17°C hálfskýjað	Barcelona	22°C hálfskýjað	Orlando/Florida	31°C léttskýjað

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skýggó á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Alltaf ódýrt



Ódýrt bensín

14 stöðvar!
www.ob.is



Gullið mitt

SPRON Gull gerir engar kröfur til þín um önnur viðskipti við SPRON – spáðu í það!

SPRON Gull felur í sér:

- Betri vaxtakjör
- Frítt gullkreditkort
- 150 fríar debetkortafærslur á ári
- Fría verðbréfaþjónusta
- Fría 1.000.000 kr. Gulltryggingu sem er líf- og slysatrygging
- Sérkjör á líf- og sjúkdómatryggingum umfram fría Gulltryggingu, 20% afsláttur fyrsta árið og 5% eftir það ... og ótalmargt fleira

Nýtt!



Hinn og har / SIA

Þú getur bætt um betur!

Ef þú velur að skrá fjölskylduna í fjölskylduþjónustu SPRON aukast fríðindin og kjörin verða enn betri. Til dæmis færðu endurgreiðslu á hluta af greiddum vöxtum vegna skuldabréfa, víxla og yfirdráttar og auk þess 50% afslátt af öllum debetkortaárgjöldum fjölskyldunnar.

Nánari upplýsingar í síma 550 1200/550 1400, á spron.is eða í næsta útibúi SPRON.

 **spron**
– fyrir allt sem þú ert



KJÖRKASSINN

Koma nýfengin úrslit í formannskjöri til með að styrkja Samfylkinguna?

Niðurstöður gær dagsins á visir.is

Já	52,8%
Nei	47,2%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hefur þú fengið punkt vegna umferðarlagaþrots?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun



Gíslar í Írak sem haldið hafði verið í tvo mánuði:

Rúmenar látnir lausir

ÍRAK. AP Þrír rúmenskir fréttamenn og írask-bandarískur túlkur þeirra voru í gær látnir lausir úr gíslingu sem íraskir uppreisnarmenn hnepptu þá í fyrir tveimur mánuðum. Frá þessu greindu talsmenn Rúmeníuforseta.

Gíslarnir fjórir voru allir komnir í umsjá rúmenskra yfirvalda, að því er Adriana Saftoiu, talsmaður Traians Basescu Rúmeníuforseta, greindi frá í Búkarest. „Þeir eru allir heilir á húfi og við munum tilkynna síðar hvenær þeir snúa aftur heim,“ sagði hún.

Rúmenunum þremur – blaða-



GÍSLANA HEIM Konur úr arabíska minnihlutunum í Rúmeníu halda á kröfuspjaldi þar sem þess er krafist að Rúmenarnir þrjú sem rænt var í Írak verði látnir lausir. Þeim varð að ósk sinni í gær.

manninum Ovidiu Ohenasi-an, sjónvarpsfréttakonunni Marie-Jeanne Ion og myndatökumanninum Sorin Miscoci – var rænt á græna svæðinu í Bagdad þann 28. mars síðastliðinn, ásamt leiðsögumanni þeirra, Mohammed Monaf.

Mannræningjarnir höfðu hótad að drepa alla gíslana ef rúmensk stjórnvöld kölluðu rúmenska herliðið ekki tafarlaust heim frá Írak. 800 rúmenskir hermenn þjóna sem hluti af fjölþjóðlegu setuliði undir forystu Pólverja í Mið-Írak. ■

Bílfelta á Héraði:

Á sokkunum að næsta bæ

SLYS Ökumaður sem grunaður er um ölvunarakstur velti bifreið sinni á Upphæðsvegi nálægt Egilsstöðum um níuleytið í gærmorgun.

Maðurinn rotaðist og meiddist á fæti, en hafði ekki önnur úrræði þegar hann rankaði við sér en að ganga á sokkaleistunum um þrjá til fjóra kílómetra að Hreiðarsstöðum þar sem hann fékk aðhlyningu. Maðurinn var svo fluttur á sjúkrahús á Egilsstöðum til rannsóknar, en að sögn lögreglu á Egilsstöðum leikur grunur á að maðurinn hafi haldið of snemma af stað eftir drykkju nóttina áður. Bifreiðin er talin ónýtt. - jse

Steingrímur J. Sigfússon Væntir góðs af samstarfi

SAMFYLKINGIN Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, segist vænta góðs af samstarfi við nýjan formann og nýja forystu Samfylkingarinnar. „Það gladdi mig að það var slegið á þá strengi á landsfundi Samfylkingarinnar að sameina kraftana í stjórnarandstöðunni við að koma ríkisstjórninni frá og taka við af henni. Þetta boðar heldur gott um áframhaldið og uppbyggilegt samstarf stjórnarandstöðunnar. Ég vænti þess að við vinnum vel saman,“ segir Steingrímur. ■



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Bandalag háskólamanna:

Í hart við skattinn

KJARAMÁL Bandalag háskólamanna lagði fram stjórnsýslukæru í síðustu viku vegna ákvörðunar skattstjórnarsins í Reykjavík í máli eins geislafræðings Landspítalans. Ákvörðunin hefur þau áhrif að skattur er tekinn af ökostyrk mannsins þar sem hann ekur meira en tvö þúsund kílómetra á ári á eigin bifreið til að komast á og af vinnustað í útköllum.

„Það er einfalt réttlætismál að þurfa ekki að greiða tekjuskatt af útlögðum kostnaði aðeins vegna þess að þú býrð aðeins lengra frá vinnustaðnum en eitthvað tvöþúsund kílómetra takmark frá skattinum nær til,“ segir Katrín Sigurðardóttir, formaður Félags geislafræðinga.

- jse

Breytingar þola enga bið

Klíkuskapur er samtrygging þröngra hópa um eigin hagsmuni án tillits til hagsmuna heildarinnar, sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, nýkjörinn formaður Samfylkingarinnar, við slit landsfundar flokksins í gær.

SAMFYLKINGIN „Íslenskt samfélag þolir ekki lengur bið eftir breytingum,“ sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, nýkjörinn formaður Samfylkingarinnar, þegar hún sleit landsfundi flokksins í gær. „Við verðum að sparsla strax og tækifæri gefst í sárustu sprungurnar sem myndast hafa eftir allt of langa valdatíð þessarar ríkisstjórnar. Forgangsmál í þeim verkum eru úrbætur í málefnum barnafólks og aldraðra og endurbætur í menntakerfinu,“ sagði Ingibjörg jafnframt.

Hún gerði klíkuskap að umtalsefni í ávarpi sínu og sagði að einstaklingar ættu ekki að þurfa að eiga rétt sinn og stöðu undir stofnunum og kenjum valdsmanna. „Af þessu eru klíkur það versta. Klíkur eru samtrygging þröngra hópa um eigin hagsmuni án tillits til hagsmuna heildarinnar.“ Hún kvað Samfylkinguna hafa tekið afstöðu gegn klíkum og kenjum valdhafa en með lýðræðinu. Flokkurinn hefði gert það í hverju málinu á fætur öðru á Alþingi; í Íraks málinu, við skipan hæstaréttardómara, í fréttastjórnamálinu, fjölmiðlamálinu og einnig í formannskjöri Samfylkingarinnar. „Hún gerði það þegar hún lét skilaboð um hvað væri valdsmonnum í öðrum flokkum þóknarlegt sem vind um eyru þjóta. Hún treysti almennum flokksmonnum til þess að meta hvað væri best fyrir flokkinn og fór í gegnum lýðræðislegasta ferli í leiðtogakjöri sem nokkur íslenskur stjórnmalaflokkur hefur farið í gegnum.“

Ingibjörg Sólrún kvað Samfylkinguna ekki geta gert allt fyrir alla. Vinna yrði að brýnustu viðfangsefnum með skipulegum hætti og úrbætur gætu tekið



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR, FORMAÐUR SAMFYLKINGARINNAR „Valdið er almenningsseign og lýðræðið á að virka. Við eigum eftir að minnast þessa fundar lengi,“ sagði nýkjörinn formaður við slit landsfundarinnar í gær.

tíma. Hún nefndi jafnframt að í stórum og breiðum flokki yrðu menn að vera tilbúnir til þess að horfa á mál frá mismunandi sjónarhornum landsbyggðar og þéttbýlis, kvenna og karla, ungra og aldinna sem og umhverfis-

verndar og auðlindanýtingar.

Mikil endurnýjun varð í forystu Samfylkingarinnar á landsfundinum eins og fram hefur komið. Í gær var kosið í framkvæmdastjórn flokksins og náðu Sigríður Jóhannesdóttir, Sigrún

Grendal, Tryggvi Felixson, Bryndís Ísfold Hlökkversdóttir, Ingileif Ástvaldsdóttir og Karl V. Matthíasson kjöri. Formaður framkvæmdastjórnarinnar er Gunnar Svavarsson.

johannah@frettabladid.is

Landsfundur Samfylkingarinnar frá bæjardyrum stjórnmalafraeðinga:

Sterk staða nýkjörins formanns

LANDSFUNDURINN Gunnar Helgi Kristinsson stjórnmalafraeðiprófessor segir að það hefði verið slæmt fyrir Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur að vinna formannslaginn í Samfylkingunni naumlega. „Kjörið var afgerandi. Í kjarna Samfylkingarinnar stóð þetta áreiðanlega tæpar. Umboð hennar er hins vegar mjög skýrt og það býðir að valdastaða hennar gagnvart öðrum forystumönnum Samfylkingarinnar er sterk,“ segir Gunnar Helgi.

Baldur Þórhallsson, dósent í stjórnmalafraeði, tekur í sama streng. „Þetta var mjög mikilvægur landsfundur fyrir Samfylkinguna en þar var nær algerlega skipt um forystusveit flokksins. Eftir er að sjá hvort þessu fylgja ný vinnubrögð og nýr stjórnunarstíll.“

Baldur segir afgerandi kosn-



BALDUR ÞÓRHALLSSON Spyr hvort gamla forystan hafi verið í takt við hinn almenna flokksmann.

ingu Ingibjargar Sólrúnar óneitanlega nokkurn skell fyrir þann hluta þingflokksins sem studdi Össur Skarphéðinsson. „Sú spurning er áleitinn hvort þeir sem yfirgáfu valdapósta nú hafi verið fyllilega í takt við hinn almenna flokksmann,“ segir Baldur. Hann



GUNNAR HELGI KRISTINSSON Nýr formaður Samfylkingarinnar er í sterkri stöðu.

telur það verða prófstein fyrir Ingibjörgu Sólrúnu hvort henni takist að hefða til hægri jafnaðarmanna sem kjósi Sjálfstæðisflokkinn. Það geti orðið erfiður róður að koma fylgi stjórnarflokkanna niður fyrir 50 prósent.

- jh

Alltaf skynsamlegt




Ódýrt bensín

14 stöðvar!
www.ob.is



FLÍSADAGAR

Úrval af gæða flísum á sérstöku tilboðsverði. **Eitt mesta úrval landsins af flísum, yfir 100 tegundir** á lager.



Pegar innrétta á fallegt heimili

**Egill
Arnason hf**

Ármúli 8 - 108 Reykjavík

595 0500 - www.egillarnason.is



VEISTU SVARID?

- 1 Hvað heitir nýkjörinn varaformaður Samfylkingarinnar?
- 2 Hvaða land sækist um þessar mundir eftir fullri aðild að Evrópusambandinu?
- 3 Hvað heitir nýtt oliufyrirtæki sem selur skipaolíu í Neskaupstað?

SVÖRIN ERU Á BLS. 30

Bechtel semur við austfirsk fyrirtæki:

Fólksflutningar á álverssvæðinu

ÁLVER Verktakafyrirtækið Bechtel, sem byggir álver Alcoa-Fjarðaáls við Reyðarfjörð, hefur gert tvenna samninga um flutning á starfsfólki til og frá vinnu. Samningarnir voru gerðir að undangengnu lokuðu útboði í vor og í báðum tilfellum var samið við rótgróin fólksflutningafyrirtæki á Austurlandi.

Samið var við Tanna Travel á Eskifirði um flutning á fólki á milli starfsmannahópsins á Haga við Reyðarfjörð og framkvæmdasvæðis og miðast ferðirnar við vaktaskipti kvölds og morgna. Um 1.500 íbúar verða í

starfsmannahópinu á Haga sumarið 2006 og verður Tanni Travel í samstarfi við SBA á Akureyri um að koma fólkinu til og frá vinnu.

Bechtel hefur einnig samið við Austfjarðaleið í Neskaupstað um flutning á fólki til og frá vinnu frá þeim stöðum sem eru innan við 50 kílómetra frá framkvæmdasvæðinu og um rekstur á strætó sem ganga mun innan framkvæmdasvæðisins. Þá mun Austfjarðaleið einnig sjá um akstur frá starfsmannahópinu og á Egilsstaðaflugvöll þegar starfsmenn fara í fri.

- kk



FRAMKVÆMDASVÆÐIÐ Framkvæmdirnar við Fjarðaál ná hámarki sumarið 2006 og þá verða um 1.500 manns í starfsmannahópinu á Haga.

Var háttsettur hjá Saddam:

Sleppt vegna veikinda

ÍRAK, AP Yfirvöld í Írak hafa látið lausan úr fangelsi einn þeirra manna sem voru háttsettir í stjórn Saddams Husseins á sínum tíma. Að sögn íraska innanríkisráðherra er maðurinn, Ghazi Hammud al-Obeidi, dauðvona vegna magakrabbameins á lokastigi.

Al-Obeidi var héraðsstjóri í suður-írsku borginni Kut og háttsettur í Baath-flokkinum. Hann er sá fyrsti úr hópi þeirra 55 manna úr innsta hring sem hernámsyfirvöld lögðu mesta áherslu á að handsama, sem látinn hefur verið laus.

Af 55 manna listanum ganga ellefu enn lausir. ■

Stórmeistari lagður: Íslenskur skáksigur

ÍPRÓTTIR Ingvar Ásmundsson skákmeistari lagði rússneska stórmeistarann Aleksandr Karpatshev að velli í 2. umferð alþjóðlega skákmótsins í Salou á Spáni í gær.

Þetta er annar sigur Ingvars og er hann því í fyrsta til tíunda sæti. Óskar Bjarnason, sem einnig keppir á mótinu, sigraði Spánverjan Emilio Caballero Gomez-Casero en Óskar tapaði í fyrstu umferð fyrir Oleg Korneev og er í 29.-54. sæti en 77 skákmenn taka þátt í mótinu.

- jse

Kínversk stjórnvöld setja reglur um velsæmi:

Ekki borða af kvenlíkömum

KÍNA Kínversk stjórnvöld hafa ákveðið að banna að matur sé borinn fram á nöktum kvenlíkömum



„NAKID SUSHI“ Kínversk stjórnvöld tilgreina bæði velsæmis- og hreinlætis-ástæður fyrir banni við „nöktu sushi“.

á veitingastöðum í landinu. Í tilkynningu frá viðskiptaráðuneytinu í Peking segir að slíkt athæfi sé ósiður sem brjóti í bága við almennt velsæmi.

Í tilkynningu ráðuneytisins segir að hinni nýju reglugerð sé einnig ætlað að hamla gegn því að fyrirtæki noti naktar sýningarstúlkur til að auglýsa vöru sína. Frá þessu greinir fréttavefur BBC með vísan til Xinhua-fréttastofunnar kínversku.

Að bera fram sushi á nöktum eða nærri því nöktum stúlkum hefur lengi verið vinsælt í Japan. Japanskur veitingastaður í Suðvestur-Kína var í fyrra sektaður fyrir að bjóða upp á slíkt. ■



Á SLYSSTAÐ Í GÆRMORGUN Sandflutningabíllinn er gerónýtur og þykir ótrúlegt að öku- maðurinn skuli hafa sloppið lifandi frá veltunni, enda lagðist stýrishús bílsins saman.

Gekkk slasaður þrjá kílómetra

Maður slapp ótrúlega vel frá bílveltu í Þjórsárdal í gær. Beinbrotinn og lemstraður gekk hann skólaus um þriggja kílómetra leið eftir hjálp á næsta bæ.

HREYSTIVERK Ökumaður sýndi fádæma hreysti eftir að sandflutningabíll sem hann ók hvolfði á Þjórsárdalsvegi í bítið á sunnudagsmorgun. Bíllinn lenti út af veginum og tættist nánast í sundur. Maðurinn komst út úr sundurtættu flakinu og gekk eftir hjálp tæpa þrjá kílómetra á næsta bæ.

Reyndir lögreglumenn telja það ótrúlega heppi að maðurinn skuli hafa sloppið lifandi þar sem bíllinn var verulega illa farinn.

Maðurinn, sem er á þrítugsaldri, missti annan skóinn í veltunni og gekk 400 metra á einum skó uns hann tók hann af sér líka og gekk rúma tvo kílómetra á sokkaleistunum. Næturfrost var á þessum slóðum og allnokkur vindur sem maðurinn hafði í fangið á göngunni.

Íbúar á bænum Fossnesi vöknúðu við að barið var hraustlega að dyrum klukkan sex í gærmorgun. „Við hrukkum upp úr rúminu og fórum til dyra og úti fyrir stóð bekkjarbróðir dóttur okkar, alblóðugur í andliti með stórt sár á höfðinu og á sokkaleistunum. Hann var greinilega stórslasaður,“ segir Sigrún Bjarnadóttir, bóndi á

Fossnesi. „Hann var við fulla meðvitund og ósköp feginn að vera kominn til manna enda hafði hann verið hræddur um að sofna á leiðinni en það hefði sennilega gert út af við hann.“

Við hringdum á sjúkrahúsi og maðurinn var sprautaður með morfíni enda sárþjáður. Þegar lögreglumennirnir komu voru þeir afar hissa að sjá hann sitjandi með fulla meðvitund inni í stofu, enda höfðu þeir séð hvernig bíllinn var leikinn. Einnhverjir minnstust á Guðlaug Friðþórsson úr Vestmannaeyjum í þessu samhengi. „Sigrún segir manninn vera stæðilegan strák af mjög öflugum kyni enda standi að honum annáluð hreystimenni af Skeiðum.“

Ökumaðurinn var fluttur á slyssadeild og reyndist þó nokkuð slasaður, með nokkur brotin bein, skorinn og lemstraður. Hann er ekki í lífshættu og þurfti ekki að fara í aðgerð en var lagður inn á spítalann til eftirlits. Bíllinn er gerónýtur. Lögreglan á Selfossi rannsakar nú tildrög slyssins en talið er að maðurinn hafi sofnað undir stýri.

brynhildurb@frettabladid.is



LÖGREGLAN Á SELFOSSI GERIR MÆLINGAR Á SLYSSTAÐ Aðkoman á slyssastað í Þjórsárdal þótti hrikaleg. Selfosslögreglan fer með rannsókn málsins en talið er að bílstjórninn hafi sofnað við stýrið. Hann gekk slasaður þrjá kílómetra eftir hjálp.

ALLIR DAGAR TILBOÐSDAGAR

NYTT Á ÍSLANDI

allt að 50% ódýrari

Öll helstu merkin í verkfærum. Ótrúlegt úrval af BMF festingum, boltum, skúfum og saum. Sjón er sögu ríkari.

Súperbygg, þar sem þú færð meira fyrir minna.

 15.600 kr.	 690 kr. pr.stk	 9.990 kr.	 3.900 kr.	 2.190 kr.
GASHITIARI 13kw hæð 220cm	HRÍFA, BEÐAKLÓRA, BEÐASKAFA	MOSATÆTARI	REGNGALLASETT LUXUS STÆRÐIR S,M,L,XL,XXL	SKÓFLA OG STRÁKÚSTUR Í SETTI
 1.090 kr.	 1.390 kr. pr.stk	 verð frá 290 kr.	 390 kr. pr.stk	 5.990 kr.
GREINA-KLIPPUSETT	STUNGUSKÓFLA GAFFALL	LAUFAHRÍFUR	PLÖNTUSKÓFLUR GAFFALL OG KLÓRA FISKARS	FLÍSASÖG

Opið mán-fös 8-18 og lau 9-15

Bæjarhaun 8 Hafnarfjörður
Sími: 414-6080

SÚPERBYGG
- meira fyrir minna



ÍSLANDSVINUR

Subaru Legacy er ekki mest seldi bíll í heimi. En hann er konungur á norðurslóðum og ber höfuð og herðar yfir keppinauta sína í fjalllendi. Frábær fjórhjóladrifstækni Subaru er sérhönnuð fyrir landsvæði þar sem vegir eru misjafnir og veður válynd. Legacy er nautsterkur og stöðugur á vegi. Hann er sannur Íslandsvinur.

Fjárfestu í nýjum Subaru Legacy fyrir ferðalög sumarsins og þú færð frábæran kaupauka frá Intersport eða Nevada Bob til að gulltryggja eftirminnilegt sumar fyrir alla fjölskylduna.

Verð frá:

Legacy Sedan: **2.220.000 kr.**

Legacy Wagon: **2.320.000 kr.**

Ferðagasgrill fylgir öllum nýjum Subaru Legacy.



50.000 króna gjafabréf

Öllum nýjum Subaru Legacy bílum fylgir nú 50.000 króna úttekt í Intersport eða Nevada Bob. Bættu við tjaldi, grilli, golfsetti eða flugustöng og borgaðu ekki krónu!

NEVADA BOB

INTERSPORT

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Veðurfar síðustu daga:

Næturfrost hægir á gróðurvexti

VEÐUR Veðurstofa Íslands segir frostanætur hafa verið alltíðar það sem af er maímánuði, en gróður vex hægar af þeim sökum.

„Lætur nærri að í innsveitum hafi mælst frost aðra hverja nótt,“ segir í tilkynningu Veðurstofunnar. Þannig eru frostnætur sagðar hafa verið tólf á Hjarðarlandi í Biskupstungum og þrettán á Staðarhóli í Aðaldal, það sem af er mánuðinum. „Í Reykjavík hefur næturfrost einnig verið oft en venja er til eða átta sinnum líkt og á Akureyri.“

Hingað til hefur mánuðurinn verið heldur kaldari en í meðalári á landinu, en á Norðurlandi hefur

meðalhiti undanfarin þrjú ár verið svipaður á saman tíma, frá 1. til 21. maí. Veðurstofan segir að það sem af er mánuðinum hafi einnig verið þurr og úrkoman mælst um eða innan við 10 millimetrar í flestum landshlutum, að undanskildu Norðausturlandi, og tiltekur að af þessum völdum hafi gróðurframvinda verið heldur hæg þetta vorið, þar sem bæði næturfrostið og þurrkarnir hægi á vexti gróðurs. Jafnframt er þó bent á að maímánuð einkenni jafnan hár loftþrýstingur með björtu veðri og lítilli úrkomu, þar sem norðanát er gjarnan ríkjandi.

- óká



VORBLÍÐA Í REYKJAVÍK Veðrið lék við Reykvíkinga seinni partinn í gær, þó svo að það sem af er mánuði hafi tíðarfar verið heldur kaldara en í meðalmánuði síðustu ár. Þrátt fyrir nokkuð næturfrost það sem af er vori hafa túllpanarnir þó náð að blómstra í bænum.



LAURA BUSH Á MUSTERISHÆÐ Bandaríska forsetafrúin Laura Bush heimsótti helgustu staði Jerúsalem í gær, Grátmúrin og al-Aqsa-moskuna. Hér er hún á leið úr moskunni, umkringd öryggisvörðum. Forsetafrúin reyndi í Mið-Austurlandaferð sinni að bæta ímynd Bandaríkjanna þar um slóðir.



BJÖRGUNARÆFING Á POLLINUM Áhöfn þyrilu Landhelgisgæslunnar hífir björgunarsveitarmann úr björgunarskipinu Sigurvin frá Siglufirði á Akureyrarpólli.

Landsþing á Akureyri: Æfðu björgun á Pollinum

ÆFING Um 600 manns voru á Akureyri á laugardag og föstudag í tengslum við fimmta landsþing Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

Þinginu lauk síðdegis á laugardag en fyrr um daginn var björgunaráfing á Akureyrarpólli með þátttöku fimm stórra björgunarskipa, varðskipsins Týs, þyrilu Landhelgisgæslunnar og fjölda smærri björgunarbáta.

Heimsókn björgunarsveitanna til Akureyrar lauk með fjölmennri árshátíð Landsbjargar í Íþróttahöllinni á laugardagskvöld þar sem meðal annars var fylgst með söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva á 40 fermetra skjá.

- kk

Íslensk augnrannsókn vekur heimsathygli

Hófdrykkja dregur úr líkum á skýmyndun á auga en reykingar auka þær og sömuleiðis vinna úti undir beru lofti. Niðurstöður rannsóknarinnar hafa vakið mikla athygli og meðal annars verið kynntar í virtum læknatímaritum austan hafs og vestan.

RANNSÓKNIR Rannsókn íslenskra lækna á ýmsum aldursbundnum augnsjúkdómum hefur vakið athygli víða um heim. Meðal þess sem hún leiðir í ljós er samband milli hóflegar neyslu áfengis og minni hættu á að fólk fái ákveðna skýmyndun á augasteini. Reykingar þrefalda hins vegar líkurnar á skýmyndun á augasteini og sama er að segja um vinnu úti undir beru lofti.

Rannsóknin sem er þekkt undir nafninu Reykjavíkurannsóknin var fyrst gerð árið 1996 að frumkvæði Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar í Genf. Friðbert Jónasson, yfirlæknir á augnlæknigadeild Landspítala – háskólasjúkrahúss og prófessor við læknadeild Háskóla Íslands, hefur stýrt rannsókninni í samvinnu við prófessor K. Sasaki við augneild háskólans í Uchinada í Japan.

„Rannsóknin náði upphaflega til 1050 manns í Reykjavík 50 ára og eldri og var síðan endurtekin árið 2001 og náði þá til 846 ein-



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÖL.

FRÍÐBERT JÓNASSON OG ÁRSÆLL ARNARSON Læknarnir sem stýrt hafa rannsókn á aldursbundnum augnsjúkdómum á Íslandi. Niðurstöðurnar hafa vakið athygli víða um heim.

staklinga úr upphaflega hópnum,“ segir Friðbert.

Niðurstöður rannsóknarinnar hafa verið kynntar víða um heim á undanförunum árum með fyrir-

lesturum og blaðagreinum og hafa greinar til dæmis birst í öllum helstu læknatímaritum um augnsjúkdóma austan hafs og vestan.

Rannsóknin náði til fjölmargra

þátta, svo sem áhrifa útfjölu-blárar geisla sólar, reykinga, áfengisneyslu, mataræðis og fleira. Hvað áfengisneysluna áhræfir segir Friðbert að svo virðist sem ekki skipti máli í hvaða formi áfengisins er neytt. „Þeir sem neyta áfengis í hófi, til dæmis eitt glas af víni þrisvar til fjórum sinnum í viku niður í tvisvar í mánuði, eru í heldur minni áhættu á að fá ákveðið form af skýi á augastein en þeir sem aldrei neyta og þeir sem neyta meira áfengis,“ segir Friðbert. Hann segir langlíklegast að það séu andoxunaráhrif alkóhólsins sem hafi þessi áhrif.

Að sögn Friðberts er enn verið að vinna niðurstöður upp úr rannsóknunum og gerir hann ráð fyrir því að sú vinna taki tvö til þrjú ár til viðbótar. Síðan er ekki útilokað að rannsóknin verði endurtekin einu sinni enn á næsta ári þannig að hún nái yfir tíu ára tímabil.

ssal@frettabladid.is

Tilboð maí 2005
ALTO háprýstidælar á tilboðsverði

Opnunartími í verslun RV:
Mánudaga til föstudaga
frá kl. 8:00 til 18:00
Laugardaga frá
kl. 10:00 til 14:00

Tæki sem auðveldar vorverkin
ALTO háprýstidælar

6.888 kr.

Nilfisk ALTO Compact
Þrýstingur: 100 bör
Vatnsmagn: 300 l/klst



15.888 kr.

Nilfisk ALTO Compact
Þrýstingur: 120 bör
Vatnsmagn: 440 l/klst



28.888 kr.

Nilfisk ALTO Excellent
Þrýstingur: 135 bör
Vatnsmagn: 500 l/klst



SILFRÍÐ Í GÆR Egill Helgason þáttastjórnandi og Magnús Ragnarsson, sjónvarpsstjóri Skjás eins, lögðu í gær niður deilur um vörumerkið „Silfur Egils“.

Deilur settar niður:

Egill á nú Silfur Egils

FJÖLMÍDLAR Magnús Ragnarsson, sjónvarpsstjóri Íslenska sjónvarpsfélagsins, sem meðal annars rekur Skjá einn, hefur afsalað sér vörumerkinu „Silfur Egils“ til Egils Helgasonar, þáttastjórnanda á Stöð 2. Magnús mætti í lokabátt Silfurs Egils í gær og afhenti Agli afsal til staðfestingar þessu.

Deilur hafa staðið um réttinn á notkun vörumerkisins og stefndi í

lögfræðibraut milli 365 – ljósvakmiðla og Íslenska sjónvarpsfélagsins. Magnús sagðist hins vegar hafa tekið þá ákvörðun að afsala vörumerkinu til Egils, enda löng hefð fyrir notkun Egils á því.

Egill Helgason var að vonum ánægður með tíðindin en hann hefur skrifað undir merkjum Silfurs Egils í áratug, fyrst í Alþýðublaðinu sáluga.

- þe

Rekstrarvörur

- vinna með þér
Réttarhalsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is





Samvinna = árangur



Til árangurs með okkur

Í 20 ár hafa Opín kerfi þjónað landsmönnum. Einkunnarorð okkar eru þau sömu og stofnenda Hewlett-Packard: Samvinna skilar árangri.

HP Compaq nx7010 fartölvun er mjög vel búin og hentar því vel hvort sem er í námi, leik eða starfi.

Kynntu þér kosti HP hjá næsta söluaðila.

[Skoðaðu og pantaðu á www.fartolvur.is](http://www.fartolvur.is)

Verð aðeins 3.495 kr. á mán.*

Verð kr. 139.900 (verð áður 179.900)

- | | |
|--|-------------------------------------|
| # 15.4" WideScreen skjár með 1200x800 upplausn | # ATI Radeon 9200 - 64MB skjákort |
| # Intel PentiumM 1.7GHz | # Innbyggt þráðlaust netkort |
| # 512MB DDR vinnsluminni | # Rafhlöðuending allt að 5 klst |
| # 60GB harður diskur | # Microsoft Windows XP Professional |
| # DVD skrifari | # 2ja ára neytendaábyrgð |

Söluaðilar:

Reykjavík: Búðin ehf., Brautarholt • Oddi, Höfðabakki og Borgartún • Office1, Skeifan • Penninn, Hallarmúli
Landsbyggðin: Bókaverslun Þórarins Stefánssonar, Húsavík • Hátiðni hf., Höfn • Kaupfélag Skagfirðinga, Sauðárkrókur • Netx ehf., Egilsstaðir, Office1 Akureyri, Egilsstaðir • Samhæfni, Reykjanesbær • Snerpa, Ísafjörður • Stefna, Akureyri • TRS, Selfoss • Tölvuþjónustan, Akranes

OPIN KERFI

www.ok.is / Sími 570 1000



* Um er að ræða námsmannakjör á tölvukaupalánnum S24 sem býðst öllum til 17.06.2005 eða á meðan birgðir endast.
M.v. 9,75% vexti (vaxtatafla S24, 11.04.2005) í 48 mánuði og að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem S24 setur varðandi lánveitingar.

EFTIRMÁL: KÓPAVOGUR STEYPIR GÖTUR

Ennþá hagstæðara í dag

Fréttablaðið greindi frá því fyrir fjórum árum að Kópavogsbær væri að skoða þann möguleika að steypa þær götur sem tíu þúsund bílar eða fleiri aka um á degi hverjum. Það ár var lokið við að steypa breikkun Fifuhvamsvegur og Smárahvamsvegur.

Gunnar Birgisson, formaður bæjarráðs Kópavogs, sagði þá að þrátt fyrir meiri stofnkostnað miðað við malbik borgaði það sig upp á áratug en ekki þurfi að gera við steiptan veg í fimmtán ár eða lengur.

„Við erum búin að steypa töluvert mikið af götum og nú er að sjá hvernig þessu reiðir af,“ segir Gunnar en einhver hluti gatna, með tíu þúsund bíla umferðarpunga á dag, er malbikaður til samanburðar. „Þetta er tilraun

í fullri stærð,“ segir Gunnar, en um sex ár eru síðan byrjað var að steypa götur í Kópavogi. Hefur slitlagið haldið sér vel en nokkrar skemmdir hafa að sögn Gunnars komið í götur vegna lélegs undirlags. Hann gerir ráð fyrir að eftir fimm ár verði komin reynsla á hvort sé hentugra, steypa eða malbik. Fyrir fjórum árum voru ein rökun fyrir steiptum götum þau að kostnaður við malbikun myndi hækka samfara hækkuð olíuverðs. Gunnar segir að í dag sé orðið enn hagstæðara að steypa götur vegna þess.

GUNNAR BIRGISSON Segir steiptu götumar endast vel.



SVONA ERUM VIÐ



Í fyrra voru innfluttar vörur frá Kína 0,5 prósent af heildarinnflutningi Íslandinga.

HEIMILD: HAGSTOFAN

24
stundir



Talstöðin
FM 90,9

Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins. Alla virka daga kl. 17:30

Golfið hefur aldrei verið vinsælla

Um 30 þúsund Íslendingar stunda golf á hverju sumri og áhuginn eykst dag frá degi. Biðlistar í golfklúbba lengjast stöðugt og virðist sem gripið hafi um sig hálf-gert golfbrjálæði.

Síðustu ár hefur áhuginn á golfíþróttinni aukist gríðarlega. Þannig eru skráðir golfklúbbsmeðlimir orðnir 13.000 á landsvísu og fer ört fjölgandi. Golfvellir eru úti um allt land, og eru þeir nú orðnir 60 talsins, sem gerir um einn golfvöll á hverja 5.000 íbúa á landinu.

Hörður Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Gólfsambands Íslands, segir fjölda golfvalla á landinu staðfesta þann mikla uppgang sem átt hafi sér stað innan golfhreyfingarinnar síðustu ár. „Þrátt fyrir þennan fjölda er mikil þörf fyrir fleiri golfvelli, sérstaklega hér á höfuðborgarsvæðinu, þar sem biðlistar eftir því að komast í golfklúbba eru mjög langir,“ segir Hörður en leggur jafnframt áherslu á það að klúbbar í grennd við höfuðborgarsvæðið geti tekið á móti fleiri félögum.

Hinrik Gunnar Hilmarsson, þjónustustjóri Gólfsambands Íslands, segir aukinn áhuga á golfinu mega meðal annars rekja til stjórnstjórnunnar Tiger Woods. „Tilkoma hans fram á sjónarsviðið fyrir nokkrum árum hafði gríðarleg áhrif á golfið og það virðist sem hann hafi komið af stað mikilli vinsældabylgju sem ekki sér enn fyrir endann á, sem betur fer,“ segir Hinrik og nefnir að um 30.000 Íslendingar spili golf fimm sinnum eða oftar yfir sumartímann, sem sé ótrúlega há tala.

Golfvertíðin fer annars vel af stað, þótt vellir mættu koma betur undan vetri. „Vellirnir eru ekki eins góðir og oft áður, sérstaklega hér á höfuðborgarsvæðinu. Það er ekki gott að segja af hverju þetta er,“ segir Hinrik en tekur jafnframt fram að vallarstjórar vinni gríðarlega gott starf. „Menntun vallarstjóra er komin í gott horf núna og er óhætt að segja að vallarstjórar séu að vinna frábært



HINRIK GUNNAR HILMARSSON Þjónustustjóri Gólfsambands Íslands segist vel geta hugsað sér að spila meira golf, en hann reynir að halda sér við með því að þútta reglulega á skrifstofunni.

starf við viðhald á völlum, við nokkuð erfiðar aðstæður sem eru hér á Íslandi.“

Hinrik skorar á byrjendur að nýta sér frábæra aðstöðu til æfinga sem nú hefur verið komið upp í Grafarholtinu og segir

aldrei of seint að byrja. „Þetta er íþrótt fyrir alla fjölskylduna og ég skora á alla þá sem ekki hafa kynnt sér íþróttina að gera það, því þetta er íþrótt sem getur fylgt manni í gegnum allt lífið,“ segir Hinrik að lokum. ■

Össur missti móður sína klukkutíma eftir að hann tapaði í formannskjöri

Hvert áfallið á fætur öðru

DV – hefur þú séð DV í dag?

Sterkur leikur

Fyrstir til að tryggja kaupendum **fast endursöluverð**

Nánari upplýsingar á www.komatsu.is

KOMATSU
TEKUR FÖRSTUNA



KRAFTVÉLAR EHF. · Dalvegi 6-8 · 201 Kópavogur · Sími 535 3500 · Fax 535 3509 · www.kraftvelar.is





VOLVO

dagar hjá Master

VOLVO XC 90 2,5 TURBO

2,5 lítra, 20 ventla, 5 strokka, 210 hestöfl, 320 Nm tog
Geartronic 5 þrepa sjálfskipting, spólvörn með stöðugleikastýringu & veltivörn, rafdrifið bilstjóra-
sæti með minni, regnskynjari, viðar- og áláferð á innréttingu, 17" NEPTUNE álfelgur ofl.
Eigum nokkra nýja bíla til afgreiðslu strax á einstöku verði

Verð 5.190.000 2 ára ábyrgð



Master ehf., Álfheimum 74, 104 Reykjavík, sími 540 2200, www.masterbill.is

FBL-GREINING: OF ÞUNG TIL AÐ ÆTTLEIÐA BARN

Mannréttindabrot?

Lilju Sæmundsdóttur, kennara og þroskaþjálfara, hefur verið meinað að ættleiða barn frá Kína af því að embættismönnum í dómsmálaráðuneytinu þykir hún of þung. Lilja var 45 ára þegar hún hóf ættleiðingarferlið. Hún hefur unnið mikið með börnum og ól bróður sinn upp. Hún fékk frábær meðmæli frá barnaverndarnefnd Akureyrar. Allt mælti því með henni sem verðandi foreldri. Dómsmálaráðuneytið fékk ættleiðingarnefnd til að gefa umsögn og það var þá sem málið stoppaði.

Hvaða máli skiptir þyngdin?

Einstaklingur sem er of þungur er í heilsufarslegum áhættuhópi, hann getur fengið sykursýki og hjartasjúkdóma. Lilja Sæmundsdóttir virðist afskaplega

hraust og traust manneskja. Hún hefur aðeins tvisvar verið frá vinnu á síðustu tíu árum. Hún stundar reglulega leikfimi og hefur mikla reynslu af uppeldisstörfum. Þegar fólk nýtur ásta veitir það ekki fyrir sér þyngd sinni. Það eignast börn hvort sem það er 65 kíló eða 175 kíló. Það þykir því undarlegt að ráðuneytið leggist gegn ættleiðingu, ekki síst ef manneskjan er fullkomlega hæf til þess að verða foreldri að öðru leyti.

Gilda sömu reglur alls staðar?

Ekki gilda sömu reglur í ættleiðingarmálum og málum þar sem fólk er fengið til að sjá og hugsa um börn, verða fósturforeldrar, á vegum félagsmálavirvalda. Þá velta yfirvöld ekki fyrir sér þyngd viðkomandi, ekkert frekar en kyn-



hneigð eða öðrum þáttum. Menn hljóta líka að velta því fyrir sér hvort sama gildi um karlana og pör, mega of þungir karlar til dæmis ættleiða börn eða pör þar sem bæði eru of þung? Þessu á dómsmálaráðuneytið eftir að svara.


Eru mannréttindi brotin?

Leiða má líkur að því. Það verður alltént að teljast í hæsta máta undarlegt að konu skuli synjað um að ættleiða barn frá Kína af því að hún sé of þung.



SPURT & SVAR AÐ

VESTFIRDINGAR RÍSA UPP



VÍÐIR BENEDIKTSSON
Framkvæmdastjóri.

Pingmönnum stillt upp við vegg

Unnið er að stofnun þverpólitískra samtaka til varnar Vestfjörðum. Framkvæðullinn að stofnun þeirra er Víðir Benediktsson, framkvæmdastjóri á Bolungarvík.

Hvernig ætlið þið að bæta hag Vestfirdinga?

Við viljum breyta hugarfari stjórnmalamanna þannig að þeir fari að láta meira til sín taka á landsbyggðinni. Í aldanna rás hefur þjóðarauðurinn komið frá sjávarútvegsbyggðunum. Nú er okkur ekki gert kleift að nýta þessi gjöfule fiskimið og stjórnmalamenn hafa brugðist okkur í því að vinna að nýjum atvinnuvegum fyrir okkur í staðinn. Viltu breyta hugarfari þeirra eða segja þeim upp? Þeir eru í vinnu hjá okkur og ef þeir standa sig ekki í stykkinu verðum við að segja þeim upp í næstu kosningum og fá aðra til starfars. Einhverja sem vilja vinna að fjölbreyttu atvinnulífi hér á Vestfjörðum. Þannig höldum við unga fólkinu og börnunum og þá kemur vonin um betri framtíð byggðanna.

Skipt um alla í forystusveitinni

Forysta Samfylkingarinnar er gerbreytt og nýtt fólk í trúnaðarstöðum flokksins metur stöðuna á næstunni eftir sögulegan landsfund. Málefnavinnu, sem kynnt var á landsfundinum, verður haldið áfram næstu mánuði og misseri.

Í stjórn málaályktun Samfylkingarinnar, sem samþykkt var fyrir lok landsfundarins í gær, segir meðal annars að hreyfing jafnaðarmanna stefni að því að mynda meirihluta í sveitarstjórnunum sem geti axlað aukið hlutverk sveitarfélaga í fjölbreytilegri nærþjónustu. Sveitarstjórnarkosningar verða haldnar að ári liðnu og vill Samfylkingin leggja aukna áherslu á lýðræði og frekari þátttöku og áhrif íbúa á sveitarstjórnarstiginu.



JÓHANN HAUKSSON
BLAÐAMAÐUR

Á VETTvangi LANDSFUNDUR SAMFYLKINGAR



KOSIÐ Á LANDSFUNDI Samfylkingarfólk kaus sér forystu til næstu tveggja ára. Glöggur landsfundarfulltrúi þóttist einnig sjá að endurnýjun í forystu Samfylkingarinnar endurspegladi vel uppruna og tilurð Samfylkingarinnar, forystufólkið væri úr Kvinnalista, Alþýðuflokki, Alþýðubandalagi og Þjóðvaka.

mannréttindi, umhverfisvernd og utanríkismál.

Samgöngumál í nefnd

Ýmsum málum var vísað áfram til meðferðar í nefndum og ráðum flokksins. Það á meðal annars við um gögn Framtíðarhópsins svonefnda, en á snærum Samfylkingarinnar er á næstu mánuðum ætluin að styrkja mjög málefnastöðu og hugmyndafræði flokksins.

Samþykkt var að vísa öllum samgöngumálum, þar á meðal tillögu um að flytja Reykjavíkflugvöll í nágrenni höfuðborgarinnar, til starfshóps sem skilar álitni eða tillögum síðar. Ætlunin er að halda sérstakt þing eða ráðstefnu um samgöngumál á vegum flokksins næsta haust eða snemma vetrar.

Kona vikur vegna kynjakvóta

Viðmælendur Fréttablaðsins á landsfundi Samfylkingarinnar

voru margir þeirrar skoðunar í gær að í endurnýjun forystunnar fælust ákveðin skilaboð og vegnasti fyrir Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, nýkjörinn formann flokksins. Á það er meðal annars bent, að landsfundarmenn kusu Ágúst Ólaf Ágústsson varaformann flokksins, en hann var lengstum talinn stuðningsmaður Óssurar Skarphéðinssonar, fráfarandi formanns Samfylkingarinnar, þó svo að Ágúst hefði lýst því yfir þegar nær dró landsfundi að frambod hans væri með öllu óháð. Eftir því sem næst verður komist hallaði Ingibjörgu Sólrúnu sér frekar að Lúðvík Bergvinsyni, keppinauti Ágúst Ólafs, síðustu dagana fyrir landsfundinn.

Þá vakti athygli að Stefán Jón Hafstein, fráfarandi formaður framkvæmdastjórnar flokksins, náði ekki kjöri í stöðu ritara Samfylkingarinnar. Stefán Jón hefur verið mjög handgenginn Ingi-

björgu Sólrúnu, meðal annars á vettvangi borgarmála. Helena Karlsdóttir frá Akureyri lagði Stefán Jón í ritarakjörinu, en Valgerður Bjarnadóttir bauð sig einnig fram í embættið auk þeirra tveggja. Ekki er ósennilegt að val margra landsfundarfulltrúa hafi helgast af kynjakvóta Samfylkingarinnar, en hann gerir ráð fyrir að karlar og konur hafi ekki minna en 40 prósent fulltrúa hvort kynið í ráðum og nefndum flokksins. Einnig er á það bent að heppilegt hafi þótt að Helena er af landsbyggðinni.

Þess má geta að nauðsynlegt reyndist að rýma fyrir karli við kjör í framkvæmdastjórn Samfylkingarinnar í gær vegna kynjakvótans. Í fyrsta skipti í sögu flokksins þurfti því kona að víkja vegna reglu sem í reyndinni var sett til að tryggja nægilega hátt hlutfall kvenna í nefndum og ráðum flokksins.

Heimilislegur stjórnmalaflokkur

Glöggur landsfundarfulltrúi þóttist einnig sjá að endurnýjun í forystu Samfylkingarinnar endurspegladi vel uppruna og tilurð Samfylkingarinnar. Ingibjörgu Sólrúnu ætti sjálf rætur í Kvinnalista, Ágúst Ólafur Ágústsson varaformaður hefði tengsl við Þjóðvaka, Ari Skúlason, sem kjörinn var gjaldkeri Samfylkingarinnar, ætti rætur í Alþýðubandalaginu og Gunnar Svavarsson, nýkjörinn formaður framkvæmdastjórnarinnar, ætti rætur sínar í sjálfri Samfylkingunni. Stjórnmalaskýrendum á landsfundinum þótti að öllu samanlögðu þessi samsetning mynda nokkurt jafnvægi í nýrri forystu flokksins.

Einn þeirra sló á léttu strengi og sagði að nú væri Samfylkingunni stjórnað af konum og börnum. Og kvað ástandið orðið áþekkt og heima hjá sér. En hann bætti við að líklega mætti þá einnig segja að Samfylkingin væri heimilislegur stjórnmalaflokkur.

johannh@frettabladid.is



margmiðlunarhönnun fjölmiðlataækni

DAGSKÓLI OG DREIFNÁM

Nám í margmiðlunarhönnun og fjölmiðlataækni.

Innritun er til 14. júní.

Frekari upplýsingar:

www.bhs.is



BORGARHOLTSSKÓLI við Mosaveg 112 Reykjavík

borgarholtsskóli
grunnur
fyrir
framtíðina

ljósmyndun
teiknimyndagerð
hljóðvinnsla
kvikmyndagerð
vefsíðugerð
myndbygging
útvarp
sjónvarp
hönnun/umbrot
margmiðlun

sími 535 1700 fax 535 1701 bhs@bhs.is BHS

m a r g m i ð l u n a r h ö n n u n - u p p l ý s i n g a t æ k n i

“Ég vil hámarks árangur!”



Öll höfum við kynnst því að vilja ná meiri árangri. Við leggjum okkur hart fram við að brenna burt líkamsfitu, styrkja líkamann og stuðla að heilbrigðu líferni. Raunin er sú að ekki gengur alltaf sem skyldi og má oftast rekja ástæður þess til rangs mataræðis. Við vitum að æskilegast er að borða margar smáar og rétt samsettar máltíðir á dag. Hátt hlutfall af uppbyggjandi próteinum, lágt innihald af sykri og fitu ásamt fjölda vitamina og steinefna ættu að einkenna þessar máltíðir. Að útbúa margar slíkar máltíðir reynist flestum erfitt og því er gjarnan gripið í óhollan skyndibita eða jafnvel sleppt úr máltíðum.

Þúsundir Íslendinga nota EAS Myoplex máltíðardrykki til að tryggja hollt og gott mataræði. Með EAS Myoplex færðu á augabragði ljúffenga máltíð sem færir þér öll þau næringarefni sem þú þarft til að brenna fitu og byggja upp vöðva. Sé EAS Myoplex notað samhliða hollu mataræði og reglulegri hreyfingu stuðlar það að hámarks árangri. Næringarinnihald EAS Myoplex er sniðið að nýjustu rannsóknum og vísindum og er mest seldi máltíðardrykkur í heimi, það er ekki eins og milljónir manna hafi rangt fyrir sér!

Meðan birgðir endast getur þú fengið 20 EAS Myoplex Diet máltíðir á einstöku tilboðsverði - aðeins kr. 3.995.- (leiðbeinandi verð er 6.680.-).

20 máltíðir fyrir grenningu og uppbyggingu

3.995.-

eða 80 máltíðir (4 kassar) á aðeins 13.995.- (175.- máltíðin)!!



Aftur fáanlegar! Við höfum átt erfitt með að anna eftirspurn af Thermo DynamX enda hafa Íslendingar kunnað að meta öflugustu fitubrenslutöflur sem völ er á. Prófaðu strax í dag og þú finnur muninn! Verð aðeins 2.995.- (5 vikna skammtur).



Njóttu bragðsins, finndu muninn!

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

Opnunartímar: Virkir dagar 10-18, laugardagar 11-15. Sendum í póströfu.

skoðun

SJÓNARMÍÐ
KÁRI JÓNASSON

Norðlendingar sameinist um að Húsavík verði fyrsti kostur fyrir álver.

Gott útspil Kristján's Þórs

Umræðan um ný álver á Íslandi er stöðug, og nú er þetta ekki orðin spurning um keppni innan landshluta heldur keppni milli landshluta. Undirritun viljayfirlýsingar um álver í Helgúvík kom mörgum á óvart, og í þeim hópi var sjálfur iðnaðarráðherrann Valgerður Sværisdóttir. Að æðsti yfirmaður iðnaðar- og orkumála skuli ekki hafa vitað um hvað var að gerast suður á Reykjanesi kemur mörgum spáskt fyrir sjónir. Suðurnesjamenn virðast ekki vilja hafa hana með í ráðum í þessu máli, þótt þeir hafi unnið með iðnaðar-ráðuneytinu varðandi væntanlega stálpípuverksmiðju í Helgúvík. Valgerður Sværisdóttir hefur marsinnis sagt að það séu álfyrirtækin sjálf sem ráði því hvar þau setji sig niður. Stjórnvöld hafa ekki úrslitaáhrif í þeim efnum, þau skapi aðeins viðeigandi ramma um starfsemina og marki stefnuna um virkjanir og hvernig orkan frá þeim sé nýtt.

Mörgum á Norðurlandi sem unnið hafa að því að efla atvinnulíf og laða til sín fjárfesta hlýtur að hafa brugðið nokkuð þegar greint var frá áforðum um álver í Helgúvík. Í umræðunni undanfarna mánuði hefur borið á togstreitu milli byggðarlaga um álver þar. Einkum hafa það verið Húsvíkingar og Akureyringar sem hafa ekki alveg verið sammála um stað fyrir álver nyrðra.

Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Akureyri, kom svo með óvænt útspil í þeim efnum á dögunum, þegar hann lagði að til að litið yrði til Húsavíkur sem fyrsta kosts fyrir álver á Norðurlandi. Í viðtali við Fréttablaðið um þetta mál sagði Kristján: „Staðarval álvers hefur verið deilumál á Norðurlandi, og því tel ég nauðsynlegt að við Norðlendingar séum einhuga um að vinna sem best úr þessu verkefni. Þetta sjónarmið hjá mér að nefna Húsavík sem fyrsta kost er liður í því að reyna að skapa samtakamátt um stóriðju hér á Norðurlandi, sem er algjör forsenda fyrir því að svona stórt verkefni geti gengið vel.“ Þarna tekur bæjarstjórinn hagsmuni allra Norðlendinga fram yfir hagsmuni Akureyringa og Eyfirðinga, og það er ekki á hverjum degi sem menn líta jafnt raun-sætt á málin og hann í þessu tilfalli. Staðreyndin er líka sú að Þingeyingar, og þá ekki síst Húsvíkingar, hafa unnið meira og markvissar að því að álver verði reist í þeirra heimabyggð en margir aðrir. Þeir hafa bent á verksmiðjulóð fyrir norðan bæinn og að hafnarskilyrði séu góð á Húsavík. Þá eru ónýttar orkulindir á næsta leiti og því stutt að flytja orkuna til álversins. Á Húsavík er líka öll grunnþjónusta fyrir hendi, nema hvað áætlunarflug þangað var lagt niður fyrir nokkrum árum. Með byggingu álvers á Húsavík hlýtur það að breytast og á ný verður hagkvæmt að fljúga þangað. Þannig njóta íbúarnir á svæðinu þess beint þegar aukinn kraftur færir í at-hafnalífið. Þetta sjá menn glögg á Austurlandi um þessar mundir, þar sem auk þess að innanlandsflugferðum hefur verið fjölgað mjög milli Reykjavíkur og Egilsstaða er nú í undirbúningi að hefja reglulegt áætlunarflug til útlanda frá Egilsstöðum. ■

FRÁ DEGI TIL DAGS

Tvær stefnur

Það ræðst í vikunni hvort málinu, sem erfangar Halldórs Laxness höfðuðu á hendur Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni vegna fyrsta bindis ævisögu skáldsins, verður vísað frá dómi, eins og Hannes gerir kröfu um, eða tekið til efnis meðferðar. Málið er flókið og umfangsmikið, en ekki hið eina sem höfðuð hefur verið gegn Hannesi, því samkvæmt heimildum frá London hefur kaupþýslumaður sem þar er búsettur, Jón Ólafsson, gjarnan kenndur við Skífuna, stefnt Hannesi fyrir breskan dómstól vegna þess sem hann kallar æru-meidandi ummæli um sig sem finna hafi mátt á vefsíðu Hannesar. Ekki



er vitað til þess að meiyrdómál gegn íslenskum ríkisborgara með lögheimili hér á landi hafi áður verið höfðuð utan landsteinanna og alls óvíst um það hvort breskur dómstóll hafi lögsögu í málinu. Ósennilegt er að Hannes fari utan til að svara fyrir sig enda má segja að þar með væri gefið umdeilanlegt fordæmi.

Vörn Hannesar

Í Laxness-málinu hafa Hannes og lögmaður hans lagt fram langt varnarskjal sem er hin fróðlegasta lesning, ekki síst fyrir dómara og lagaprófessora. Þar er því haldið fram að sýkna beri Hannes bæði af tæknilegum og efnislegum ástæðum. Meðal annars er sagt að rit-höfundar eigi rétt á að nýta sér verk annarra eftir viðurkenndum reglum og

venjum. Hannes hafi ekki brotið neinar slíkar reglur eða venjur, þótt margt megi betur fara í riti hans. Fram kemur að mörg dæmi séu um að ein allsherjartilvísun í heimildir sé látin nægja í viðurkenndum fræðiritum. Er í því sambandi nefnt ritið Einkamálarettarfar eftir Markús Sigurbjörnsson hæstaréttardómara. Þá er sagt að mörg dæmi séu um að textar séu líkir í frumheimild og ævisögu eða fræðiriti. Eitt dæmi um slíkt sé kaffinn um mannréttindi í ritinu Stjórnskipunarréttur eftir Gunnar G. Schram, en í formála komi fram að Björg Thorarensen prófessor (sem er eiginkona Markúsar dómara) hafi endurskoðað þann kafla frá grunni. Margt sé þar þó nánast samhljóða og í bók Ólafs Jóhannessonar, Stjórnskipan Íslands.

gm@frettabladid.is

Fílibomm

Einhvern veginn varð manni hugsað til Óla Alexanders-Fílibomm-bomm-bomm þegar lögin í Evróvisjón glumdu á heimilinu í fyrrakvöld. Eins og fólk sem er á mínum aldri man kannski þá var þessi ástsæla aðalpersóna í bókum Anne-Cath. Vestly svo gagntekin af trumbuslætti lúðrasveitanna að hann elti lúðrasveitir um alla borg og endaði með því að taka sér þetta nafn.

Þetta var sem sé mikið fílibomm-bomm-bomm allt saman. Að visu skal játað að lögin vildu svolítið renna saman hjá þeim sem þetta skrifar, enda var hann mun gagnteknari af kvöldmatnum og spjalli yfir honum. Þótt eftirtektin væri sem sé ekki alveg sem skyldi, og mér þætti líka erfitt átta mig á atriðunum, sem ég þó horfði á, vegna myndatökunnar sem gerði mig hálf lofthæddan stundum og sviðsins sem mér sýndist samanstanda af hvítum göddum og var því hálfsmeykur um að einhver myndi meidda sig – sem sé, þótt ég væri ekki alveg með þetta á hreinu þá heyrðist mér samt eins og músíkin væri tekin að breytast æði mikið í þessari keppni þar sem maður hafði ekki heyrt skemmtilegt lag síðan Waterloo sællar minningar. Ég er ekki frá því að hún sé að verða skemmtilegri en hún var. Líka ískyggilegri. Einhvern veginn full af svona – tja – fílibommi. Eða filabommi.

Gísli Marteinn stóð sig vel að vanda og var skemmtilegur að vanda, þótt honum fari ekki vel að vera óánægður og tuð hans um austur-þetta og austur-hitt hafi óneitanlega verið orðið nokkuð þreytandi og ósann-gjarn, auk þess sem honum hættir um of til að reyna að stýra því hvernig fólk heima í stofu kys. Hann er nú einu sinni sjálfstæðismaður og stjórnlyndur eftir því. Hefði kannski verið

meira gaman að láta Guðrúnu Gunnarsdóttur það eftir að lýsa þessu, enda músíkant sjálf og minna í pólitíkinni.

En tilkoma hinna nýfrjálsu þjóða undan oki kommúnismans hefur gert þessa keppni bæði skemmtilegri og skrytnari en hún var. Stundum er talað um þessar þjóðir eins og einhverja

Í DAG

EVROVISJÓNKEPPNIN

GUÐMUNDUR
ANDRI
THORSSON



Fólkið á sviðinu ætlar að vera þar áfram. Það ætlar sér að missa ekki af neinu því sem kapítalisminn kann að hafa upp á að bjóða – það heldur enn að hann muni færa því gull og græna skóga, blindir fáí sýn og haltir gangi...

þjálfar og boðflennur í tengslum við þessa keppni, viðvanga og villimenn; en þá gleymist að þjóðir Balkanskagans og Austur-Evrópu búa flestar að miklu meiri og merkari hefð í rytmískri tónlist en til dæmis við sem ópuðum það bara eftir Kananum sem við höfðum ekki frá Dönnum. Þjóðlagamúsik þessara þjóða er afar margbrotin og tilfinningarík og flott, einkennist af fátánlegu flóknum, síbreytilegum og lífrænum takti og ótrúlegri dansmennt. Eitt af því sem kommúnistaflokkarnir lögðu alltaf rækt við hjá sér var þjóðdansafélagið á hverjum stað sem þessir fauskar sem kommúnismanum stjórnðu


töldu yfirleitt heilbrigt og öflugt mótvægi við bítlagargið að vestan. Það fór nú eins og það fór. Sú ótrúlega músíkþjóð, Sígaunar, sem geyma kannski hjá sér kjarnann í allri mið- og austur-evrópskri músík, hafa líka lyft tónlist þessara þjóða upp á allt annað og æðra plan en við þekkjum hér. Að allri þessari hefð búa þessar þjóðir – því bruna þær nú geislandi af sjálfstrausti og sigurvissu inn í þessa keppni með sitt fílibomm í stað þess að sýna okkur Norður-Evrópubúum þá sjálfsgöðu kurt-eisi að vera með ámatlegt berg-mál af okkar músík.

Þessar þjóðir koma líka með eitthvað annað. Sjálft rötleysið við upplausn kommúnismans fylgir þeim. Stemmningin er gerbreytt. Eftir því sem mann rámar í var þetta orðin afskaplega syfjuleg keppni þar sem skiptust á lög með norskri Geir-mundarsveiflu – la det svinge – og svo aftur svona Nínu-lög þar sem menn krepptu lófann með magakveisusvip og grétu horfnar ástmeyjar. Nú ríkir undarlegt sambland af græðgi og frygg.

Svona virkar þetta: Fólkið á sviðinu ætlar að vera þar áfram. Það ætlar sér að missa ekki af neinu því sem kapítalisminn kann að hafa upp á að bjóða – það heldur enn að hann muni færa því gull og græna skóga, blindir fáí sýn og haltir gangi. Ekkert er of: ekkert glys er of skært; enginn söngur of hár, enginn kjóll of fleginn, sjálft smekkleysið er fullkomlega framandi hugtak, stemmningin eins og í Hollywood-myndum fyrir krepptu. Lykilorðið í þessari músík er óskammfeilni. Með bumbuslagarana í broddi fylkingar sjáum við þetta fólk brjótast til áhrifa í Evrópu æpandi af græðgi og árið er ennþá núll; öll tækifærin bíða.

Ög við hin yppum öxlum eftir kvöldmatinn, södd. ■

Alltaf hagstætt



ódyrt bensín

14 stöðvar!
www.ob.is

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Emir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórnundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafthlíð 24, 105 Reykjavík AÐAL-SÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNLSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböðum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

989
BYLGJAN

Lífsaugað
Þriðjudagskvöld 22-24

Þórhallur miðill





Sólarupprás Hádegi Sólarlag
 REYKJAVÍK 3.47 13.24 23.04
 AKUREYRI 3.07 13.09 23.14
 Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er mánudagurinn 23. maí,
 143. dagur ársins 2005.

FASTEIGNASÖLUR

FASTEIGNASÖLUR

101 Reykjavík	20-21
Akkurat	10-11
Árborgir	40
Ás	38-39
Bifröst	13
Draumahús	23-26
Eignakaup	12
Eignastýring	34
Eignam. Suðurnesja	7
Fasteignamarkaðurinn	14
Fasteignamiðlun	16
Fasteignam. Grafarv.	17
Fasteignast. Suðurnesja	40
FMH fasteignasala	15
Hóll	19
Hraunhamar	30 & 32-33
Húsaland	12
Höfði	35
ÍAV	6-7
Lyngvík	28-29
Lundur	8-9
Nethús	31
Neteign	27
Remax	18 & 41
X-hús	19

SMÁAUGLÝSINGAR
 byrja í dag á bls. 42

Flokkar & fjöldi

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

allt-fasteignir

ER ÞÍN FASTEIGN AUGLÝST HÉR?

MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS



Húsið er á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Garðurinn er fallegur.

Bjart og glæsilegt einbýlishús á góðum stað

Fasteignasalan Nethús er með til sölu 258,2 fermetra einbýlishús við Fjarðarárs 21 í Reykjavík með innbyggðum bílskúr. Húsið er vel staðsett og stutt í alla þjónustu.

Húsið er þannig skipað að gengið er inn í forstofu á neðri hæð. Forstofan er með flísalögðu gólfi en forstofuherbergi með teppum á gólfi. Mjög rúmgott herbergi með parkettduk á gólfi er á neðri hæð, auk snyrtingar, sturtuherbergis, þvottahúss og geymslu. Innangengt er í rúmgóðan bílskúr.

Inni af forstofu er hol og þaðan er gengið upp á efri hæð hússins. Í holinu er góður fataskápur. Þakgluggi er fyrir stiga á efri hæð, sem gefur mikla og skemmtilega

birtu. Neðri hæðin er kjörin fyrir unglíng eða annan heimilismann sem kys næði í kringum sig.

Efri hæð hússins skiptist í rúmgóða parkettlagða stofu með útgengi á svalir sem snúa í suðvestur. Borðstofa er parkettlögð, eldhús er með fallegri ljósri innréttingu, borðkrók og útgengi á stóran sólpall. Tvö rúmgóð barnaherbergi eru á hæðinni, bæði parkettlögð og með skápum. Hjónaherbergi er parkettlagt með stórum fataskáp. Badherbergi er flísalagt í hólf og gólf og með þakglugga, sem gefur skemmtilega birtu. Innihurðir og innréttingar í húsinu eru allar ljósar.

Húsið er bjart og glæsilegt með fallegum garði. Stutt í skóla, leikskóla, sundlaug og alla almenna þjónustu.

Ásett verð: 46,9 milljónir. ■

LIGGUR Í LOFTINU

í fasteignum

Á Suðureyri við Súganda-fjörð vinna starfsmenn verk-takafyrirtækisins Ágústs og Flosa ehf. hörðum höndum við að ljúka byggingu íþróttahúss en fyrsta skóflustunga að húsinu er lokað á síðasta ári. Af www.bb.is.



Markaðsverð íbúðarhúsnæðis er nú um 175.000 krónur á fermetra að meðaltali á höfuðborgarsvæðinu. Ingólfur Bender, forstöðumaður greiningardeildar Landsbanka, metur það svo að íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu hætti ekki að hækka fyrr en seint á næsta ári. Greiningardeild Landsbankans

telur verðið hins vegar hætta að hækka í haust.

Veidihús við Blöndu er á teikniborðinu. Þar verður um að ræða glæsilegt hús, samkvæmt kröfum tímans, sem kosta mun tugi milljóna króna. Gert er ráð fyrir að hvert herbergi verði 20 fermetrar að stærð og með baði. Einnig verða heitir pottar og gufubað. Stefnt er að því að nýja hótelið verði tilbúið fyrir næsta veiðisumar, árið 2006.

Við Menntaskólann í Hamrahlíð eiga að rísa tvær nýjar viðbyggingar. Einnig verður fjölgað bílastæðum við skólann og lagður göngustígur sem tengist stígakerfi borgarinnar.

fasteignir@frettabladid.is

Íbúðalán

4,15%

Kynntu þér kostina við íbúðalán Landsbankans. Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar og veldu leiðina sem hentar þér best. Hafðu samband í síma 410 4000 eða á fasteignathjonusta@landsbanki.is

410 4000 | landsbanki.is



Landsbankinn
 Banki allra landsmanna

Handrið

Athuga þarf handrið við tröppur reglulega og tryggja að það sé nægilega öruggt, og að hvergi séu lausar festingar eða spýtur. Það sama gildir um svalahandrið þar sem öryggið skiptir miklu máli.



GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

Pólyhúðun

Innbakað Duftlakk á alla málma

Pólyhúðum:
Útanhússklæðning
álguggar
bárujárn
stálvirki
handrið
gler
sólbeppi
vatnsbretti
o.fl.
o.fl.



Þessir byggja til framtíðar...
...og við hjálpuðum þeim.
Vilt þú byggja til framtíðar?

Eigum á lager 350 RAL litir

Pólyhúðun ehf

S: 544 5700 * www.polyhudun.is
Smíðjuvegi 1 * 200 Kópavogur

MARMOLEUM® click
Nýtt á gólfið
Smelltu Marmoleum click
á gólfið
- það smellpassar



Mótið gólfið sjálf
eftir ykkar smekk

Marmoleum click
er náttúrulegt
línoleumparket

GÓLFBÚNAÐUR

KJARAN EHF • SÍÐUMÚLI 14 • 108 REYKJAVÍK
SÍMI 510 5510 • kjaran.is
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 8-18.

Skemmtilegt hús sem vonandi fær nýtt hlutverk

Listamaðurinn **Matthías Mogensen** velur óhefðbundin sýningarrými fyrir myndirnar sínar. Í gær lauk sýningu hans í gamla Ó. Johnson og Kaaberhúsinu sem hann hefur mikið dálæti á.

„Þetta hús hefur aldrei áður verið notað fyrir sýningar. Hér var áður kaffibrennsla en húsið hefur staðið lengi autt og er í hálfgerðri niðurníðslu sem er synd því að þetta er ákaflega fallegt hús,“ segir Matthías sem fer iðulega ótröðnar slóðir þegar hann sýnir listaverkin sín. „Ég vinn þannig að ég reyni að finna óhefðbundna staði til að sýna á. Hef til dæmis sýnt í fatabúðum, leikhúsum og skólum. Sýningarnar eru þá þess eðlis að þær eru ekki auglýstar neitt sérstaklega. Fólki er komið skemmtilega á

óvart því það fer kannski í leikhús eða í verslunarmiðstöð og sér þá sýningu í leiðinni.“ Matthías er mjög ánægður með húsið og segir það henta vel undir sýningar. „Þetta er skemmtilegt hús og hér þurfti ekki að breyta miklu. Ég þurfti að laga til og þrifa en annars hentaði húsið fullkomlega. Það þarf til að mynda varla lýsingu hér inni því gluggarnir eru svo stórir og fallegir.“

Matthías hefur mikinn áhuga á gömlum byggingum og lítur á þau sem listaverk og menningararf sem eigi að fylgja næstu kynslóð. „Gamall arkitektúr þarf allt of oft að víkja og við erum of fljót að rífa gömul hús til að byggja ný. Þetta er pólitískt vandamál og allt of algengt hér á landi. Þetta er eins og að brenna gamlar bækur eða fara inn á listasafn og mála yfir gömlu myndirnar þar því litirnir þeirra passa ekki lengur. Þess vegna sæki ég eftir

því að fá að sýna á svona stöðum og stundum getur slíkt vakið fólk til umhugsunar og orðið til þess að húsið öðlist nýtt líf í stað þess að verða rífið,“ segir Matthías sem bjargaði meðal annars gamalli eldspýtnaverksmiðju í Svíþjóð sem átti að rífa en er nú notuð sem sýningarrými.

Sýningin gekk vel og Matthías efast ekki um að húsið hafi haft eitthvað með það að segja. „Hér er allt önnur stemning en á hefðbundnum söfnum eða galleríum og gestirnir voru ánægðir með það. Margir sem komu á sýninguna voru vegfarndur sem áttu leið hjá og vildu fá að skoða þetta fallega hús sem hefur staðið autt svo lengi. Margir þeirra vildu sjá einhverja starfsemi í húsinu og ég vona að því verði fundið nýtt hlutverk. Þannig má segja að húsið hafi hjálpað mér og ég reyni að hjálpa húsinu.“ ■

Kettirnir hraktir úr görðum

MARGIR ERU ÓSÁTTIR VIÐ AÐ KETTIR GANGI LAUSIR OG GERI ÞARFIR SÍNAR Í GARÐA ÞEIRRA – EKKI SÍST Í SANDKASSA ÞAR SEM UNG BÖRN ERU GJARNNA AÐ LEIK.

Kettir gera gjarnan þarfir sínar í blómabeð og sandkassa bæjarins fólki til hins mesta ama. Mörg húsráð eru til um hvernig eigi að halda köttunum í burtu og þar á meðal er fólki ráðlagt að grafa hvítlauk niður í kringum beðin en tvennum sögum fer af því hvort það virki. Hjá Dýraríkinu fengust þær upplýsingar að í 75 prósentum tilfella virki að setja efni sem kallast „Get off“ í kringum beð og sandkassa, en það fæst bæði í úða- og gelformi. Efnið er skað-

laust. Þá sé einnig hægt að setja sitrónusafa eða úða ilmvatni, eða hverju því sem ber með sér lykt sem kettinum líkar illa við, en hafa skal í huga að nota ekki efni sem eru skaðleg umhverfinu og lífverum. Ekki nægir að setja efnið bara einu sinni við beðið eða sandkassann, heldur þarf að gera það oft og reglulega til þess að það virki sem skyldi. Úðaefni þarf jafnvel að bera á tvisvar á dag, en efni í gelformi þarf að setja út á tveggja vikna fresti og oftar ef það rignir.



Kettir gera oft þarfir sínar í garða fólks og eru hin mesta plága þegar þeir eigna sér sandkassa barnanna.

Allt upp á vegg

Það má hengja nánast hvað sem er á veggina.

1. Hengið fallegt teppi á vegginn. Það má vera rúmteppi, fallegur borðdúkur eða jafnvel gólfmotta. Til hagræðis má festa teppið á bambusstöng og hengja síðan upp eins og mynd.



2. Falleg og sérstök flik fer einnig vel á vegg, skírnarkjöll eða fornfatnaður.

3. Hljóðfæri eru góð hugmynd og gefa heimilinu menningarlegt yfirbragð. Fyllið upp á milli með nótnablöðum.

4. Körfur eru flottar og líka hægt að setja eitthvað í þær eins og til dæmis þurrkuð blóm.



5. Diskar og plattar eru skemmtilega gamaldags veggja-skraut.

6. Fallegur spegill sem speglar eitthvað fallegt í stofunni gerir allt rýmið stærra.



Hlaðan er listaverk

Þegar ekið er um sveitir landsins ber margt fallegt fyrir augu. Sjaldgæft er þó að líta útihús skreytt listaverkum. En þannig er það á Dæli í Viðidal.

„Þetta var hlaða en smíðadót-ið hans pabba er í þessu húsi núna,“ svarar Kristinn Rúnar Víglundsson á bænum Dæli í Viðidal þegar forvitnast er um skrautlegt hús skammt frá bænum. Sá veggur þess sem við blasir þegar ekið er norður dalinn vakti athygli blaðamanns fyrir líflugar myndskreytingar. Kristinn Rúnar varð fyrir

svörum. „Það var fjöllistahópur í skólanum á Laugarbakka í Miðfirði sem málaði þetta fyrir nokkrum árum. Þetta voru krakkar í 9. og 10. bekk og systir mín, Hrafnhildur Víglundsdóttir, var með þá í kennslu. Þeir settu pall á ámoksturstæki dráttarvélarinnar og hífðu hann upp til að mála efsta hluta veggjarins. Við höfum ekkert þurft að halda þessu við ennþá.“

FRÉTTABÍLAD/IGUN



Hlaðan sem fjöllistahópurinn skreytti.

VELFAC®

Gluggar
10 ára ábyrgð

formaco

Fossaleyni 8 · 112 Reykjavík
Sími 577 2050 · www.formaco.is

Keramík fyrir alla

Rétta gjöfin

Útskriftargjafir, kveðjugjafir til kennara.....

Keramík fyrir alla
sími 552 2882, Laugavegi 48b.
Sjá lýsingu: www.keramik.is

ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX

Talstöðin færir þér fréttir oftár á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.

Talstöðin
FM 90,9

Svefnsófar með heilsudýnu

Recor



SENSEO SVEFNSÓFI 160 / 209x95cm – SENSEO SVEFNSÓFI 140 / 187x95cm – Margir litir



15 sekúndur

Komdu í verslun okkar að Faxafeni 5 og sjáðu glæsilegan sýningarsal okkar fullan af nýjum svefnsófum.

Svefnsófar með heilsudýnu og MicroFiber áklæði í mörgum litum og stærðum.

Recor



SENSEO SVEFNSÓFI 140 m. tungu
268x163cm – Margir litir

Wimtex

Lenny svefnsófi m. 161 cm tungu.
260x90 cm - Litir Camel og Brúnn.
Svefnsvæði 135x215 cm.



Wimtex

Kim svefnsófi
203x95 cm - Litir Camel, hvítur, brúnn.
Svefnsvæði
143x193/215 cm.



Wimtex

VW svefnsófi
184x91 cm - Litir Brúnt og svart leður.
Svefnsvæði 150x200 cm.



Sýningarsalur á neðri hæð fullur af nýjum svefnsófum, glæsileg tilbod í gangi! Wimtex svefnsófar eru allir með rúmfatageymslu.

www.design.is @ 2005



Faxafeni 5 • Sími 588 8477 • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16



Úrval

gullfallegra gjafa.
Antík fer aldrei úr tísku!

AMMA RUTH

Skipasund 82, 104 Reykjavík - S. 552 - 6255
www.ammaruth.is • Opið virka daga 14-18



Sláttuvél, Texas Garden
Rafmagn, 1000W, grassafnari
5085121

Vertu klár
...fyrir sumarið



HÚSASMÍÐJAN
...ekkert mál



Margarítan minnir á baldursbrána, sem mörg okkar þekkjá úr vegköntum og sáðsléttum.

Að sjálfsögðu sólarlæggin

Sumarblómin eru komin í gróðrarstöðvarnar og þótt hitastigið hafi ekki verið þessum kærnu plöntum hagstætt til þessa hlýtur það að breytast næstu daga. Nú er að minnsta kosti rétti tíminn til að spá og spekulera í tegundunum.

Sumarblómin eru misjafnlega viðkvæm. Hávaxin blóm þurfa skjólgóðan stað og öll þurfa þau að vera sólarlæggin hluta dagsins. Blóm sem keypt eru í pottum er oft betra að setja í stærri potta ef þau fara ekki ofan í beð eða ker. Það skilar sér í meiri blómgun.

Hengiplöntur eru mjög vinsælar á svalir, skjólveggi og í ker og eru lóbelúr og petúníur (tóbakshorn) þar í fararbroddi. Báðar tegundirnar fást í nokkrum litum. Náttúrulegar plöntur eru líka í tísku. Þar fer fremst í flokki margarítan (chrysanthemum), sem minnir helst á baldursbrá. Hún getur bæði verið í beðum og kerum.

Þrátt fyrir tískusveiflur eru



Járnurt er bæði til sem garðajurt og hengiplanta. Hún þarf gott skjól og sólríkan stað.



Pelargóníur voru vinsæl stofublóm en hafa nú færst út fyrir veggj hússins og pluma sig vel í kerjum á skjólgóðum stað. Þær eru fjölærar.

margir íhaldssamir og kaupa sömu tegundirnar í sömu beðin ár eftir ár. Stjúpunar eru alltaf sigildar, litskrúðugar og harðgerar og eru þægilegri í meðförum en margar aðrar plöntur. Því eru þær mikið notaðar í beð.

Þegar plantað er í blómaker þarf að tryggja að blómin fái nógvatn. Nái regnvatn í þau þarf það að geta leikið út en standi keríð undir skyggni þarf að vökva vel.



Petúníur (súrfeinur) eru sólelskar plöntur sem blómstra ríkulega allt sumarið. Bæði til uppréttar og sem hengiplöntur. Henta vel í ker.



Dalíur eru dásamleg blóm en full viðkvæm fyrir útvist á Íslandi. Garðskálarnir eru þeirra kjörlendi.



Stjúpunar eru til í ótal afbrigðum. Þær eru eins og sníðnar að íslenskum aðstæðum, harðgerar og litfagar og þrífast vel í beðum, ekki síður en kerjum.

Horfðu til himins

Ódýrir Gæða Pakgluggar

Opnanlegir að neðan
Öryggisgler
Valin Pine viður
Stillanleg öndun
Tvöföld vatnsvörn

FAKRO

ALTAK

Stórhöfði 33 • Sími: 577 4100
Fax: 577 4101 • www.altak.is



Victory böð
með eða án nudds í úrvali

Fosshálsi 1
110 Reykjavík sími 525-0800
www.baðheimar.is

BADHEIMAR



Talstöðin
FM 90,9

Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins.
Alla virka daga kl. 17:30

MARKAÐURINN



Musteri hreinlætisins

Smávægilegar breytingar geta gert heilmikið fyrir baðherbergið og oft þarf ekki að kosta miklu til.

Baðherbergi þarf að endurnýja reglulega en það getur verið kostnaðarsöm aðgerð ef öllu er skipt út. Smávægilegar og snjallar lausnir geta gert heilmikið og stundum þarf lítið annað en að taka niður skáp, skipta út speglum eða mála. Áður en hafist er handa er þó sniðugt að sjá fyrir sér einhverja heildarmynd og jafnvel velja liti sem eiga að vera ráðandi, og hægt er til dæmis að kaupa handklæði í þeim litum.

Baðtæki Á markaðnum er mikið til af góðum og öflugum hreinsiefnum og stundum nægir að þrifa baðkaríð hressilega til að lífga upp á það. Baðker og vaska er einnig hægt að mála með sérstakri málningu, sem er mjög sniðugt ef baðkaríð er í ljótum lit.



Veggir Veggir er hægt að mála eða jafnvel flísaleggja að hluta til að spara sér kostnaðinn við að kaupa flísar á heilu veggina. Flísunum er jafnvel hægt að raða í skemmtilegt mynstur. Einnig getur verið sniðugt að setja spegla eða fallegar myndir í ramma á baðherbergið en það lífgar upp á það.



Sturta Sandblásna plastfilmu er hægt að líma inn á hurðirnar á sjúskuðum sturtuklefa, en mikilvægt er að þrifa þær vel á undan. Eða hreinlega rífa klefann niður, skella upp stöng og notast við sturtuhengi.

Gólf Gamalt og slitið gólfefni getur verið best að rífa af og mála gólfíð undir eða setja nýtt efni. Gólfdukk er hægt að mála og einnig flísar, eða kaupa fallegar gólfmottur sem auðvelt er að þrifa og setja í þvottavélina. Gólf er líka einfalt að flota og lakka eða mála í fallegum lit og skreyta jafnvel með glimmer eða ljósmyndum.




Skápar Best er að hafa skápa sem eru ekki of djúpir. Ágætt er að rífa niður skápa sem eru of stórir og setja í staðinn netta skápa eða hillur og geyma baðherbergisvörurnar í fallegum körfum í hillunum með upprúlluðum handklæðum við hliðina á. Það er líka einfalt að skipta um hurðir á skápum, og þá hægt að setja spegla á hurðirnar eða hafa gler í þeim. Höldur eru yfirleitt ódýrar og gerir það mikið að skipta þeim út.

Vaskur Úrvalið í dag er mikið af vöskum og sérstaklega þeim sem standa á borðinu en eru ekki felldir inn í skáp. Hægt er að nota hvaða borð sem er, bora í þau gat og setja vaskinn á. Hins vegar þarf að passa að borðið sé nógu lágt og vaskurinn standi ekki of hátt.



Fylgihlutir Það gerir heilmikið fyrir baðherbergið að velja fallega snaga á vegginn og vera með handklæði í fallegum litum. Fallegar sápuskálur og sætar körfur, eða krukur utan um snyrtivörur og bómull, fríska upp á baðherbergið og gera mikið fyrir það.



Flísarnar gerðar fínar á ný

Það er auðveldara en þú heldur að gera flísarnar eins og nýjar.

Flestir vita hvað flísar geta orðið skítugar, einkum þó þær sem eru í eldhúsinu eða inni á baði. Besta leiðin til að hreinsa fitugar flísarnar bak við eldavélina er að strá lyftidufti í rakan svamp, það leysir fituna upp og gleypir hana í sig. Einnig er afarásælt að bleyta tusku með sítrónusafa og strjúka henni létt yfir fitusprengdar flísar.



Óhreinindi milli flísa, á fúgunni svokölluðu, má hreinsa burt með því að blanda saman ediki, lyftidufti og sítrónusafa. Berið á með gömlum tannbursta, látið vera í tvær stundir og hreinsið svo af. Til að ná kalki af flísunum inni á baði er mælt með því að skrúbba þær vel með hvítvinsediki en einnig er ráð að prófa að nota gamalt staðið kók. Svona verða flísarnar þínar fínar á ný. ■

Ýmislegt er nothæft til að gera gömlu flísarnar fallegra.



GÓLFEFNIN FÆRÐU HJÁ OKKUR

BALTIC WOOD
parket

Verðdæmi:
Eik Unique 14 mm
Tilboð kr. 2.650,- m²

PORCELANOSA
flísar fyrir vandláta

Teppi á stigaganga - í miklu úrvali.
Komum og gerum verðtilboð.

BERRY FLOOR

Smellt plastparket með viðaráferð

Rakavarið Fasað
Þykkt: 8 mm
Kynningarverð: kr. 2.125,- m²



ALFABORG
Skútuvogi 6 • Sími 568 6755

GEGNHEILAR FLÍSAR

t.d. á bílskúrinn

Verðdæmi:
30 x 30 kr. 1.150,- m²

Nýjar íbúðir til

Parhús

BAKKAGERÐI – REYÐARFIRÐI

Glæsilega hönnuð tæplega 160 fermetra parhús með sérstæðum bílskúrum. Húsin eru klædd með bárumálmklæðningu og litaðri viðarklæðningu að hluta. Íbúðum er skilað fullbúnum að utan, með grófjafnaðri lóð og rúmlega fokheld að innan. Húsin eru á fallegum stað með góðu útsýni yfir fjörðinn.

Raðhús

ÞJÓNUSTUHÚS – HVERAGERÐI

Glæsileg raðhús á einni hæð, hönnuð af Hróbjartí Hróbjartssyni arkitekt. Húsin eru 86-111 fm, klædd litaðri áklæðningu. Gluggar verða áklæddir timburgluggar. Íbúðirnar verða afhentar fullbúnar án gólfefna nema forstofa, þvottahús og baðherbergi sem verða flísalögð. Íbúar fá aðgang að margvíslegri þjónustu HNLFI. Verð frá 19,8 millj.


5 herbergja

PRASTARHÖFÐI – MOSFELLSBÆ

Eigum eina glæsilega tæplega 130 fm íbúð. Húsið er einangrað að utan og klætt með flisum og harðviði. Íbúðir afhendast fullbúnar án gólfefna en baðherbergi og þvottahúsgólf eru flísalögð. Skóli, leikskóli og ýmis þjónusta í næsta nágrenni. Verð frá 26,1 millj.

PERLUKÓR – KÓPAVOGI

Vorum að hefja sölu á um 150 fm íbúðum í glæsilega hönnuðum tveggja hæða húsum, með þremur íbúðum í hverju, á fallegum stað rétt við Elliðavatn. Íbúðirnar eru afhentar fullbúnar án gólfefna, að undanskildum baðherbergjum og þvottahúsgólfum sem eru flísalögð. Veggir baðherbergja eru flísalagðir í hurðarhæð og salerni upphengd. Verð frá 33,3 millj. með sérstæði í bílageymsluhúsi.



4ra herbergja

PERLUKÓR – KÓPAVOGI

Vorum að hefja sölu á tæplega 110 fm íbúðum í glæsilega hönnuðum tveggja hæða húsum, með þremur íbúðum í hverju, á fallegum stað rétt við Elliðavatn. Íbúðirnar eru afhentar fullbúnar án gólfefna, að undanskildum baðherbergjum og þvottahúsgólfum sem eru flísalögð. Veggir baðherbergja eru flísalagðir í hurðarhæð og salerni upphengd. Verð frá 25,9 millj. með sérstæði í bílageymsluhúsi.

PRASTARHÖFÐI – MOSFELLSBÆ

Glæsilegar 107-129 fm íbúðir. Húsið er einangrað að utan og klætt með flisum og harðviði. Íbúðir afhendast fullbúnar án gólfefna en baðherbergi og þvotta húsgólf eru flísalögð. Skóli, leikskóli og ýmis þjónusta í næsta nágrenni. Verð frá 22,1 millj.

SMÁRAFLÖT – AKRANESI

Vorum að hefja sölu á 100-106 fm íbúðum í átta íbúða tveggja hæða húsi. Sérinnangangur er í hverja íbúð. Íbúðum er skilað fullbúnum, parket á gólfum, en flísar á anddyris-, geymslu-, baðherbergis- og þvottahúsgólfum. Verð frá 17,5 millj.

3ja herbergja

KLAPPARHLÍÐ – MOSFELLSBÆ fyrir 50 ára og eldri

Fallegar 110-120 fm íbúðir, hannaðar sérstaklega með þarfir 50 ára og eldri í huga. Íbúðirnar verða afhentar fullbúnar án gólfefna að undanskildum þvottahúsgólfum og baðherbergjum sem verða flísalögð. Húsið er með lyftu og þarfnast lítills viðhalds. Það er staðsett í fallegu umhverfi með skjólgóðu útivistarsvæði. Verð frá 18,8 millj.

PRASTARHÖFÐI – MOSFELLSBÆ

Glæsilegar 85-103 fm íbúðir. Húsið er einangrað að utan og klætt með flisum og harðviði. Íbúðir afhendast fullbúnar án gólfefna en baðherbergi og þvottahúsgólf eru flísalögð. Skóli, leikskóli og ýmis þjónusta í næsta nágrenni. Verð frá 18,1 millj. með sérstæði í bílageymsluhúsi.

SMÁRAFLÖT – AKRANESI

Vorum að hefja sölu á 97 fm íbúðum í átta íbúða tveggja hæða húsi. Sérinnangangur er í hverja íbúð. Íbúðum er skilað fullbúnum, parket á gólfum, en flísar á anddyris-, geymslu-, baðherbergis- og þvottahúsgólfum. Verð frá 17,0 millj.

2ja herbergja

SMÁRAFLÖT – AKRANESI

Eigum eina tæplega 80 fm íbúð í átta íbúða tveggja hæða húsi. Sér inngangur. Íbúðinni er skilað fullbúinni, parket á gólfum, en flísar á anddyris-, geymslu-, baðherbergis- og þvottahúsgólfum. Verð frá 14,2 millj.

HERJÓLFSGATA – HAFNARFIRÐI

Glæsilegar 77 til 110 fm íbúðir hannaðar með þarfir 60 ára og eldri í huga. Íbúðirnar verða afhentar fullbúnar án gólfefna að undanskildum þvottahúsgólfum og baðherbergjum sem verða flísalögð. Húsin eru með lyftu og þarfnast lítills viðhalds. Þau eru á fallegum stað við sjávarsíðuna. Verð frá 19,7 millj. með sérstæði í bílageymsluhúsi.



■ Þessir hlutir fylgja ekki með íbúðum.

Staðsetningar í boð

HERJÓLFSGATA – HAFNARFIRÐI

ÍAV byggja stórglæsilegar íbúðir við sjávarsíðuna í Hafnarfirði. og eldri. Húsin eru fjögurra hæða með 48 íbúðum auk húsvarðar fyrir að þjónustukjarni (salur) verði starfræktur í miðju húsin áklæðningu. Gluggar eru áklæddir timburgluggar. Öll hönnun m



Mjög mikið er lagt upp úr gæðum íbúðanna. Dyrásímar eru te hljóðeinangrunar í allri íbúðinni að undanskildum baðherbergjum

KLAPPARHLÍÐ – MOSFELLSBÆ

Húsið er glæsilega hannað 4ra hæða fjölbýlishús með lyftu. Húsið að hluta harðviði og þarfnast því lítills viðhalds. Sérinnangangur verður í bílageymslu í kjallara þar sem sérbílastæði fylgir flestum íbúðum hafa sérafnotarétt af hluta lóðar. Allar svalir snúa í suður.

Njóttu lífsins í viðhaldslitlu lyftuhúsi



PRASTARHÖFÐI – MOSFELLSBÆ



Íbúðirnar eru afhentar fullbúnar án gólfefna, að undanskildum baðherbergja eru flísalagðir í hurðarhæð og salerni upphengd. Sjónv Sér þvottahús eru í öllum íbúðum. Val er um þrjár viðartegundir er í forstofuhurð. Heimilistæki eru frá AEG eða sambærileg, með

Breytingar á íbúðum

Innréttingar eru sérlega vandaðar en óski kaupandi eftir að hanna í Þær þurfa þó að koma fram í tíma. Ítarleg kaupendahandbók fylg

www.iav.is

Nánari upplýsingar

Söluveild okkar er að Höfðabakka 9, sími 530 4200. Einnig eru ítarlegar upplýsingar um eignirnar á vefsíðu okkar www.iav.is.

sölu hjá



fyrir 60 ára og eldri

Þú getur að ræða íbúðir í þremur stigagöngum fyrir 60 ára úðar. 44 bílastæði eru í bílageymsluhúsi og gert er ráð um húsin eru einangruð og klædd að utan með litaðri ar að því að viðhald verði í lágmarki.

Mikið hefur verið lagt upp úr hönnun íbúðanna. Staðsetningin er einstök og því var t.d. lögð áhersla á að allar íbúðir hefðu sjávarútsýni.

Íbúðirnar eru afhentar fullbúnar án gólfefna, að undanskildum baðherbergjum og þvottahúsgölfum sem eru flísalögð. Veggir baðherbergja eru flísalagðir í hurðarhæð og salerni upphengd. Sjónvarpsloftnets- og símatenglar eru í stofu og svefnherbergjum. Sérþvottahús eru í öllum íbúðum. Val er um þrjár viðartegundir í spónlögðum vönduðum innréttingum og hurðum. Heimilistæki eru frá AEG eða sambærileg, með burstaðri stáláferð.

Myndir myndavél í anddyri. Gólf eru tvöföld til aukinnar

ÞJÓNUSTUHÚS – HVERAGERÐI nýjung á Íslandi

Þjónustuhús ÍAV við Lækjarbrún í Hveragerði veita þér tækifæri til að njóta lífsins í faðmi einstakrar náttúru og hafa jafnframt aðgang að margvíslegri þjónustu Heilsustofnunar Náttúrulækningafélags Íslands.




Við kaupin gerast eigendur íbúðanna aðilar að samningi við HNLFI sem veitir þeim aðgang að viðamikilli þjónustu Heilsustofnunarinnar gegn greiðslu mánaðarlegs grunnjalds. Í hverju húsi er öryggishnappur, lóðirnar eru slegnar reglulega og íbúar fá aðgang að baðhúsi, bókasafni og líkamsræktarsal HNLFI. Þú færð íbúar regluleg viðtöl við íþróttarfræðing og næringarfræðing, svo nokkuð sé nefnt af þeim þægindum sem íbúar þjónustuhúsanna njóta. Húsin eru sérlega glæsileg, hönnuð af Hróbjartí Hróbjartssyni arkitekt hjá VA arkitektum og eru staðsett rétt við Heilsustofnunina. Rómuð náttúru- fegurð, friðsæld og nálægð við hvers kyns

þjónustu og heilsurækt eru nokkrir af þeim kostum til að njóta lífsins sem bjóðast í Hveragerði. Fallegar gönguleiðir allt í kring, golfvöllur, hesthús og margvísleg afþreying á svæðinu og kyrrð smábæjarins – allt hjálpar til við að gera Hveragerði að sælureit og þjónustuhúsi ÍAV að ákjósanlegum stað til að búa á.

fyrir 50 ára og eldri


Þú getur einangrað að utan og klætt bárumálmklæðningu og í hverja íbúð af svalagangi með glerskermun. Innangengt num. Sameign verður skilað fullfrágenginni. Íbúðir á fyrstu



Íbúðirnar verða afhentar fullbúnar án gólfefna að undanskildum þvottahúsgölfum og baðherbergjum sem verða flísalögð. Sérþvottaherbergi verða í öllum íbúðum. Gólfplötur verða einangraðar undir gólfílogn til aukinnar hljóðeinangrunar. Kaupendur geta valið um þrjár viðartegundir í hurðum og vönduðum innréttingum. Sjónvarps-, loftnets- og símatenglar verða í stofu og svefnherbergjum. Myndyrasími verður í öllum íbúðum.



Dæmi um 100 fm
3ja herbergja raðhús.



Dæmi um 86 fm
2ja herbergja raðhús.



Dæmi um 111 fm
3ja herbergja raðhús.

■ Þessir hlutir fylgja ekki með íbúðum.

PERLUKÓR – KÓPAVOGI

Prastarhöfði er fallegt og vel staðsett hverfi vestast í Mosfellsbæ. ÍAV eru nú með í byggingu stórglæsileg fjölbýlishús. Húsin eru hönnuð af Arcus arkitektum með þarfir fjölskyldufólks í huga. Húsin eru þrjúgjá hæða með bílastæðum í bílageymslukjallara fyrir flestar íbúðir. Húsin eru einangruð og klædd að utan með flísum og að hluta harðviði. Gluggar eru áklæddir timburgluggar. Öll hönnun miðar að því að viðhald verði í lágmarki. Sérinnangangur er af svalagangi eða beint af jarðhæð í hverja íbúð. Í húsunum eru 3ja, 4ra og 5 herbergja íbúðir.

Myndin sýnir Prastarhöfða 4-6.

herbergis- og þvottahúsgölfum sem eru flísalögð. Veggir loftnets- og símatenglar eru í stofu og svefnherbergjum. spónlögðum vönduðum innréttingum og hurðum. Glerir staðri stáláferð.



Okkur vantar duglegt símasölufólk á öllum aldri 2-3 kvöld í viku. Uppl. í s. 511 4501 Ístal ehf.

Skalli Hraunbæ

Vantar starfsfólk í kvöld og helgarvinnu, ekki yngri en 18 ára. Upplýsingar í s. 567 2880.

Ræstingapjónustan sf óskar eftir starfsfólki til starfa við daglegar ræstingar í m.a. í 101, 108, 110 og 112. Einnig óskum við eftir fólki á skrá viðsvegar um höfuðborgarsvæðið. Nánari upplýsingar gefur Margrét í síma 587-3111, virka daga milli kl. 13 og 16.

Papinos Pizza. Okkur vantar fólk til starfa, nánari uppl. í Núpaland 1 og Reykjavíkurvegi 62.

Brautarstöðin

Skyndibiti og sjoppa. Starfsfólk óskast. Vinnutími 11-17 virka daga. Ath. ekki sumarvinna. Viljum bara kraftmikil fólk með ábyrgðartilfinningu. Upplýsingar gefur Hinrik á staðnum. Brautarstöðin Ármúla 42.

Dyraverðir Óskast!

Uppl í s 694-5553 í dag og á morgun.

Barþjónar óskast.

Eingöngu helgarvinnu. Uppl í s 694-5553 í dag og á morgun.

Tæknihreinsunin ehf. óskar eftir áreiðanlegu starfsfólki á höfuðborgarsvæðinu til starfa við daglegar ræstingar. Einnig vantar okkur fólk á skrá til afleysinga. Uppl. í síma 577-4900 milli 10 og 14 alla virka daga.

Sjómenn

Stýrimann, matsvein og háseta vantar á linubát sem rær frá Sandgerði. Uppl. í s. 845 8322 & 534 6565.

Óskum eftir starfsmanni við tjaldaleigu strax, þarf að hafa bílpróf og vera tilbúinn í mikla vinnu. Upplýsingar gefur Viktor í síma 511 2200 eða vikt-or@seglagerdin.is.

Óskum eftir starfsmönnum í tjaldauppsætningu, óreglulegur vinnutími. Upplýsingar gefur Viktor í síma 511 2200 eða vikt-or@seglagerdin.is.

Bakarí

Kaffihús í Breiðholti óskar eftir að ráða röskan starfskraft með góða þjónustulund. Æskilegt að viðkomandi hafi reynslu af starfi í bakarí og í matargerð, ekki yngri en 20 ára. Vinnutími; skiptivakt kl. 6.30-13.00 og 13.00-18.15 virka daga, einhver helgarvinnu. Uppl. veitir Alla í síma 895 9420 frá kl. 13-16.

Bakarí

Kaffihús í Breiðholti óskar eftir að ráða starfskraft til afgreiðslustarfa aðra hverja helgi. Ekki yngri en 18 ára. Uppl. gefur Alla í s. 895 9420. Frá kl. 15-18.

Húsasmiðanema eða aðstoðamann húsasmiða óskast í vinnu. Uppl. í s. 897 3006 Jóhann.

Leikfangar og ritfangaverslun óskar eftir starfsfólki allan daginn og frá kl. 13 til 18. Einnig vantar í sumarafleysingar. Svör berist til Fréttablaðsins merkt "strokeður"

Óska eftir 1-2 smíðum/verkamönnum í 2-3 vikur. Ef vel gengur og um semst eru mun fleiri verkefni í boði. GG tré S. 660 1050.

Vantar fólk sem hefur áhuga á heilsu og aukatekjum. www.heilsufrettir.is/aukatekur

Atvinna óskast

Takið eftir!

Hörkuduglegur karlmaður á besta aldri óskar eftir vinnu hjá trausta fyrirtæki, er af gamla skólanum. Þjónustulundaður bílstjóri í út.keys. Er með lyftara próf. Mjög góð meðmæli. S. 694 8121.

TILKYNNINGAR

Tapað - Fundið



Hver hefur séð kisuna okkar Max á svæði 104? Hann er eymamerkur með nr. 4 R 295. Fundarlaun. Uppl. í s. 561 0472 & 845 3139 & 525 4566.

Einkamál

TANTRA

EROTISK VERSLUN

LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD, OG LEIKFÓNGUM FYRIR FULLORDNA OPID MÁN - FOS 12:00 - 20:00 OG LAUGARD. 12:00 - 18:00 KOMD Í VERSLUN OKKAR AÐ FÁKAFENI 11 EÐA SKOÐIB HEIMASÍU OKKAR

WWW.TANTRA.IS
SÍMI 588 6969.

FUNDUR

Aðalfundur

Aðalfundur Félags einstæðra foreldra verður haldinn sunnudaginn 5. júní 2005.

Fundurinn verður haldinn í húsnæði félagsins að Skeljanesi 6 og hefst stundvíslega klukkan 14.00.

Húsið opnar klukkan 13.00 og verður dagskráin þessi:

- 1.fundur settur.
- 2.Skipun fundarstjóra og fundarritara.
3. Athugað kjörgengi fundarmanna og lögmæti fundar kannað.
4. Skýrsla stjórnar og umræður.
5. Skýrsla nefnda og umræður.
6. Ársreikningar bornir upp til samþykktar.
7. Ákvörðun félagsgjalds.
8. Lagabreytingar.
9. Kosning formanns.
10. Kosning stjórnar og varamanna.
11. Kosning endurskoðenda.
12. Önnur mál.
13. Fundargerð lesin og borin upp til samþykktar.

Aðalfundur er löglegur ef löglega hefur verið til hans boðað. Hver félagsmaður hefur eitt atkvæði. Á aðalfundi ræður afl atkvæða úrlsitum og hafa allir skuldlausir félagsmenn rétt til að kjósa, sjá nánar í 6.gr. Styrktaraðilar hafa rétt til setu á aðalfundi en ekki atkvæðisrétt.

(6gr. Forsjárlausir foreldrar, sambúðar- og hjónafólk hafa þó ekki sömu réttindi innan félagsins og foreldrar með forsjá í eftirtalda aðstoð félagsins: a. Húsnæðisaðstoð. b. Námsstyrki. c. Sumarleikjastyrki. d. Atkvæðisrétt á aðalfundi félagsins. e. Annað eftir ákvörðun stjórnar.)

Stjórn Félags einstæðra foreldra.


MARKAÐURINN



Talstöðin
FM 90,9

Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins.
Alla virka daga kl. 17:30

SELDAR EIGNIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU*



*Þinglýstir kaupsamningar, heimild Fasteignamat ríkisins.

Vidalínskirkja

Vidalínskirkja er í Garðaprestakalli í Kjalarnesprófastsdæmi. Kirkjan ber nafn Jóns Vídalín (1666-1720), sem var prestur í Görðum á Álftanesi áður en hann varð biskup í Skálholti. Fyrsta skóflustungan að kirkjunni var tekin árið 1990 af Sveinbirni Jóhannessyni, bónda á Hofsstöðum í Garðabæ, en hann gaf lóðina undir kirkjuna. Arkitekt var Skúli Norðdahl. Hornstein að kirkjunni lagði þáverandi sóknarprestur og prófastur Kjalarnesprófastsdæmis, séra Bragi R. Friðriksson. Kirkjan var vígð 30. apríl 1995 af þáverandi biskupi Íslands, herra Ólafi Skúlasyni. Kirkjan tekur 300 manns í sæti og er opnanlegt milli kirkjuskips og safnaðarheimilis og rúmast þá 600 manns í kirkjunni. Sóknarprestur er séra Hans Markús Hafsteinsson.



? SPURNING VIKUNNAR á fasteignavef Vísis

Hefurðu hug á að stækka við þig á árinu?

SPURNING SÍÐUSTU VIKU: Langar þig að eiga sumarhús?

Já	75%
Nei	25%



HÚSIN Í BÆNUM
FRÍÐRIK WEISSAPPEL

Algjör snilld!

Ég fór á frumsýningu nýjustu myndar Dags Kára um daginn og varð svona líka ofsaglaður með okkar mann. Það er örugglega erfitt að fylgja eftir velgengni Nóa albinóa, væntingar fólks hljóta að setja mikla pressu á ungan leikstjóra og auðvelt að ímynda sér hvernig slík pressa gæti haft neikvæð áhrif. Það var því mikill léttir að heyra fólk hlæja og klappa á mörgum stöðum í myndinni og stöðugt lófaklapp eftir sýninguna gaf til kynna ánægju fólks, allan tímann sem tók að fá aðstandendur myndarinnar upp á svið eins og venja er klappaði fólk látaust og flautaði.

Það var líka greinilegt að Dagur nýtur mikillar virðingar meðal samstarfsmanna sinna sem ég ræddi við í frumsýningarpartíinu, það skipti ekki máli við hvern maður talaði, leikara eða aðra sem unnu að gerð myndarinnar, allir voru á einu máli um að Dagur væri einfaldlega snillingur sem næði að virkja alla með sér með sínu hægláta fasi og tilgerðarleysi.

Myndin fjallar um ungan mann sem lifir á því að spreypja ástarjátningar á vegg borgarinnar fyrir ástsjúka kærasta og besti vinur hans er aðeins of þungur svefnrannsakandi sem langar mikið að verða fótboldómari. Inn í myndina blandast svo hinir ýmsustu karakterar og heildin er svona líka helvíti góð. Ég las svo dómanna í dönsku blöðunum daginn eftir og tvö stærstu blöðin gáfu fjórar stjörnur af fimm og eitt fimm af fimm. Í frumsýningarpartíinu var mikið spurt um Ísland og ég sem Íslendingur fékk ótal margar spurningar um landið og landann. Þarna kom það skýrt fram hvað bíómyndir hafa mikið gildi varðandi landkynningu, þó að myndin hafi verið tekin hér í Danmörku og leikarar og flestir aðstandendur myndarinnar hafi verið Danir.

Þetta endaði sem sagt í mikilli gleði og eftir nokkrar kampavinsflöskur og nokkra Cohiba-vindla fór ég glaður heim og ætlaði sko að panta far til Cannes daginn eftir til að vera viðstaddur sýningu myndarinnar þar. Ég varð að fresta förlinni en er búinn að ákveða að fara næst og er þess fullviss að næsta mynd Dags verði valin til sýningar þar einnig. Ég get þá tékkað við Cannes á „been there, done that“ listanum mínum yfir það sem ég ætla að vera búinn að gera áður en ég drepst. Allir í bíó.



Húsasmiðjan býður nú vaxtalaus lán á völdum vörum. e6 tilboðið stendur fyrir enga útborgun og enga vexti í 6 mánuði.*
*e6 tilboðin gilda aðeins fyrir korthafa Vísu.



Garðsláttuvél, Murray

6 hp, B&S 4-gengismótor, 51 sm sláttubreidd, "Mulch" afturkast, 7 hæðarstillingar, 20 sm delux hjól, drif, 70 lítra grassafnari. 5085256

e6 TILBOÐ 42.995



Garðsláttuvél, Murray

4 hp, B&S 4-gengismótor, 51 sm sláttubreidd, "Mulch" afturkast, 7 hæðarstillingar, 20 sm delux hjól, 70 lítra grassafnari. 5085247

e6 TILBOÐ

Garðsláttuvél, Murray

3,5 hp, B&S 4-gengismótor, 51 sm sláttubreidd, hliðarfrákast, manual hæðarstilling, 15 sm hjól. 5085245

e6 TILBOÐ

Garðsláttuvél, Murray

5 hp, B&S 4-gengismótor, 51 sm sláttubreidd, "Mulch" afturkast, 7 hæðarstillingar, 20 sm hjól með legum, 70 lítra grassafnari. 5085254

e6 TILBOÐ 35.995

Allt fyrir sláttinn



HÚSASMÍÐJAN

...ekkert mál

Misnotkun á erlendu verkafólki á Íslandi

Vegna skrifa Sveins Andra Sveinssonar, lögmanns starfsmannaleigunnar Vislande, í Fréttablaðinu sl. fimmtudag vil ég koma eftirfarandi leiðréttingum á framfæri.

Héraðsdómur Austurlands kemst að þeirri niðurstöðu í máli tveggja lettneskra verkamanna á Kárahnjúkum að ekki sé forsenda til að sakfella þá, þar sem ákærvaldinu hafi ekki tekist að sýna fram á að þeir hafi ekki verið í ráðningarsambandi við Vislande.

Þetta er niðurstaða dómsins, þrátt fyrir að komið hafi fram í vitnaleiðslum að lettnesku verkamennirnir og fulltrúar Vislande og GT verktaka hafi orðið margsaga í málinu og að lengi framan af hafi ekkert legið fyrir um á hvaða kjörum mennirnir ættu að vera við störf hér á landi. Ekki lá fyrir hvort þeir væru verktakar eða í beinu ráðningarsambandi við Vislande.

UMRÆÐAN
STARFSMANNA-
LEIGUR



HALLDÓR GRÖNVOLD

Alþýðusambandið er ekki að beita sér gegn erlendu verkafólki. Það er að beita sér gegn framgöngu eins og hér er lýst af hálfu fyrirtækja eins og Vislande og GT verktaka. Gegn misnotkun á erlendu verkafólki. Á slíkri starfsemi tapa allir.

Dómurinn byggir á samningi sem undirritaður var af GT verktökum og Vislande tæpum tveim mánuðum eftir að Lettarnir komu hingað til lands og hófu störf á Kárahnjúkum.

Þá er mikilvægt að leiðrétta þá villu sem fram kemur í skrifum lögmannsins að niðurstaða dómsins sé sú að „ríkisborgarar frá nýjum aðildarríkjum ESB þurfi ekki að sækja um atvinnuleyfi hyggist þeir dveljast héraendis og starfa í 3 mánuði“.

Það þurfa allir ríkisborgarar frá nýju aðildarríkjunum að sækja um atvinnuleyfi hér nema að þeir starfi á grundvelli þjónustusamninga. Þeir þjónustusamningar þurfa að sjálfsgöðu að liggja fyrir, þegar viðkomandi starfsmenn hefja störf.

Niðurstaða dómsins er að láta þá njóta vafans og taka þjónustusamninginn gildan þrátt fyrir að hann hafi verið undirritaður tveim mánuðum

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á mót efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísí eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX

Talstöðin færir þér fréttir oftár á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.



Talstöðin
FM 90,9

eftir að mennirnir hófu störf.

Það er mikilvægt að gleyma ekki um hvað málið snýst. Það snýst um að GT verktakar sögðu í byrjun árs upp starfsmönnum í föstu ráðningarsambandi án þess að þeir hefðu á nokkurn hátt orðið brotlegir og fengu í staðinn erlenda starfsmenn í gegnum starfsmannaleiguna Vislande til að sinna þeirra störfum.

GT verktakar upplýstu að ekkert hefði verið fjallað um kjör eða réttindi þessara erlendu starfsmanna og að þeir hvorki vissu eða vildu nokkuð vita nokkuð um það efni. Þeir

vísuðu allri ábyrgð á starfsmannaleiguna Vislande.

Hinir erlendu starfsmenn upplýstu að þeir vissu ekkert um sín kjör eða réttindi þegar þeir hófu störf hér á landi. Hins vegar liggur fyrir að samkvæmt þeim samningum sem síðan voru lagðir fram fyrir dómi voru kjör þeirra umtalsvert lakari en þau kjör sem fyrri starfsmenn höfðu notið.

Hver kjör þeirra hefðu hins vegar orðið hefði þetta mál ekki farið fyrir dóm verður aldrei upplýst. Það verður hver og einn að meta í ljósi málatilbúnaðarins að öðru leyti og sambæri-

legra mála sem komið hafa upp á Suðurlandi og fyrirtækið Vislande hefur átt aðild að en þar var upplýst að ætlunin var að borga erlendu verkamönnum langt undir lágmarkskjörum samkvæmt kjarasamningum.

Alþýðusambandið er ekki að beita sér gegn erlendu verkafólki. Það er að beita sér gegn framgöngu eins og hér er lýst af hálfu fyrirtækja eins og Vislande og GT verktaka. Gegn misnotkun á erlendu verkafólki. Á slíkri starfsemi tapa allir. Er lenda verkafólkið sem er ætlað að njóta þeirra kjara sem hér gilda. Launafólk á íslenskum

vinnumarkaði almennt, vegna þess að verið að er grafa undan kjörum þess. Þorri fyrirtækja sem virða kjarasamninga og lög og eru kjölfestan í íslensku atvinnulífi. Og að lokum samfélagið allt vegna þess að framangreindir aðilar reyna að skjóta sér undan því að leggja til samfélagsins það sem þeim ber og fylgja þeim leikreglum sem almenn sátt er um.

Hvað varðar ávirðingar Sveins Andra á verkalyðshreyfinguna og Vinnuálastofnun, þá dæma þær sig sjálfar.

Höfundur er aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ.

SUMARHÚSAEIGENDUR OG FELLIHÝSAEIGENDUR ATHUGIÐ
NÚ STANDA YFIR

DÝNUDAGAR!!!

Í LYSTADÚN MARCO

DRÍFÐU ÞIG OG GERÐU GÓÐ KAUP ÞVÍ NÚ ER TÆKIFÆRIÐ!

15-30% AFSLÁTTUR

Frábær sumartilboð á: Rúmum, springdýnum, latexdýnum, svampdýnum, yfirdýnum, eggjabakkadýnum, koddum og sérsniðnum svampi.



HENRIK JOHAN IBSEN (1828 – 1906)
lést þennan dag.



„Þú skalt aldrei klæðast þínum fínustu buxum ef þú ætlar að berjast fyrir frelsi og sannleika.“

Henrik Johan Ibsen var norsk leikskáld. Hann skrifaði meðal annars leikritið Þjóðniðinginn og er einna þekktastur fyrir leikritið um Pétur Gaut.

tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST

Tvöföld gíslataka í Hollandi

Yfir 100 börn og sex kennarar voru tekin í gíslingu í barnaskóla í norðurhluta Hollands á þessum degi árið 1977. Gíslátökumennirnir voru frá Mólúkkæyjum í Austur-Indíonesíu, sem hafði verið hluti af nýlendu Hollendinga. Töluvert er um innflytjendur frá Mólúkkæyjum í Hollandi og aukin krafa hafði verið á hollensk yfirvöld að berjast fyrir sjálfstæði eyjanna innan Indíonesíu. Gíslátökumennirnir réðust á skólann um morguninn, slepptu 15 mólúkkiskum börnum og söfnuðu hinum inn í tvær skólastofur og huldu gluggana með dagblöðum. Á sama tíma tóku sjö aðrir Suður-

Mólúkkabúar lest traustataka með um 50 farþegum innanborðs nærri bænum Groningen en slepptu börnum og gamalmönnum. Ein kona slapp úr skólanum og urðu lögreglumenn að berhátta sig til að fá að fylgja henni af svæðinu til að sýna fram á að þeir væru óvopnaðir. Fjórum dögum síðar var öllum börnum úr skólanum sleppt eftir að upp kom iðrakveisa. Fjórir kennarar urðu eftir í gíslingu ásamt þeim sem voru um borð í lestinni. Þann 11. júní, 20 dögum eftir að gíslatökan hófst, réðst hollenski herinn inn í lestina og skólann. Sex gíslátökumenn og



23. MAÍ 1977

tveir farþegar létust í miklum byssbardaga í lestinni. Á næstu mánuðum og árum bættu hollensk yfirvöld félagslegar aðstæður Mólúkkabúa í landinu.

MERKISATBURÐIR

- 1849** Um 45 bændur úr Skagafirði ríða að Möðruvöllum í Hörgárdal og biðja Grím Jónsson amtmann um að segja af sér.
- 1934** Ræningjaparíð Bonnie og Clyde eru skotin og drepin af lögreglu.
- 1945** Heinrich Himmler fremur sjálfsmorð í breskum fangabúðum.
- 1960** SS-foringinn Adolf Eichmann er handsamaður í Argentínu.
- 1985** Alþingi samþykkir þingsályktun um að á Íslandi verði ekki staðsett kjarnorkuvopn.
- 1987** Hannes Hlífar Stefánsson verður heimsmeistari sveina í skák, þá 14 ára að aldri.

ANDLÁT

Sigurður Björgvinsson, frá Garði í Mývatnssveit, lést föstudaginn 20. maí.

Sigurjón G. Sigurjónsson, Birkigrund 71, Kópavogi, lést föstudaginn 20. maí.

Jóhanna Ásdís Jónasdóttir, Mánatúni 2, Reykjavík, lést föstudaginn 20. maí.

JARÐARFARIR

13.00 Torfi Ásgeirsson, Dalbraut 14, Reykjavík, verður jarðsönginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík.

15.00 Hallgrímur Egill Sandholt, verkfræðingur, verður jarðsönginn frá Bústaðakirkju.

15.00 Steinunn Margrét Norðfjörð, Ljósavallagötu 20, Reykjavík, verður jarðsöngin frá Fossvogskapellu.

FÆDDUST PENNAN DAG



1933 Joan Collins leikkona



1961 Drew Carey, gamanleikari



1951 Anatoli Karpov, skákmeistari



1966 Helena Bonham Carter, leikkona

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

Fróðleikur af gardur.is



Brautryðjandi meðal kvenna:

Bríet Bjarnhéðinsdóttir

Bríet var fædd 27. sept. 1856, dóttir Bjarnhéðins Sæmundssonar bónda á Böðvarshólum í Vesturhópi og konu hans Kolfinnu Snæbjarnardóttur. Hún var náfrænka Arnlióts alpm. Ólafssonar og var um tíma undir handarjaðri hans. Eftir kvennaskólanám fluttist hún til Reykjavíkur, alfarið 1887. Fyrst kvenna flutti hún fyrirlestur á

Íslandi og gaf hann út 1888: Fyrirlestur um hagi og rjettindi kvenna. Annað rit hennar var Sveitalífið og Reykjavíkurlífið (1894). Hún varð víðkunn af baráttu sinni fyrir kosningarétti, kjörgengi og jafnrétti kvenna til skólanáms og embættis til jafns við karlmenn. Stóð að stofnun Hins ísl. kvenfélags 1894, stofnaði Kvenréttindafélag Íslands 1907, var formaður þess í 20 ár og heiðursforseti frá 1927. Átti hlut að stofnun Verkakvennafélagsins Framsóknar. Sat í bæjarsjórn í tíu ár og lét þar mikið að sér kveða, gekkst m.a. fyrir því að koma á fót fyrsta barnaleikvelli Reykjavíkur, við Grettisgötu. Hún var ritstjóri Kvennablaðsins 1895-1919 og Barnablaðsins 1898-1903. Riddari af Fálkaorðunni varð hún 1939. Bríet lést þann 16. marz 1940. Dánargjöf hennar var sjóður til að styrkja konur til náms og vísindastarfa. Maður hennar, hinn þjóðkenni Valdimar Ásmundsson, ritstjóri Fjallkonunnar, féll frá 49 ára 1902. Börn þeirra voru Laufey bókhaldari og Héðinn alpm. og forstjóri Olliverzunar Íslands, faðir Bríetar leikkonu.

Meira á gardur.is



Hægt er að setja inn ævirdrög látinna Íslendinga með því að hringja í síma 585 2700 eða á gardur.is.

TÍMAMÓT: ALÞINGISMAÐUR Á SÍNA FYRSTU SÍLDARVERTÍÐ

Gott að komast í bein tengsl við mannlífið

„Ég held að öllum þingmönnum sé nauðsynlegt að prófa að vinna þau störf sem tilheyra þeirra mála-flokki,“ segir Magnús Þór Hafsteinsson, þingmaður Frjálslynda flokksins, sem ætlar að drífa sig á síld í sumar.

Magnús verður háseti á Bjarna Ólafssyni AK 70. „Mágur minn er skipstjóri, þetta er hálfgerð fjölskylduútgærd. Ég frétti að hann vantaði afleysingarmann og spurði hvort ég mætti koma með. Það reyndist auðsótt mál.“ Skipið lagði úr höfn í gærkvöldi og verður að veiðum fram að sjómanna-dag. Bjarni Ólafsson hefur verið á kolmunnaveiðum hingað til en ætlar að skipta yfir í síld, þar sem verð á henni er hagstætt um þessar mundir. „Þó ég hafi verið á mörgum fiski- og rannsóknarskipum í gegnum tíðina hef ég aldrei áður farið á síld,“ segir Magnús, sem fagnar nýjum vinnuvettvangi, þó tímabundinn sé. „Það er gott að komast burt og tæma hugann. Ég skil símann og tölvuna eftir, sem er kærkomin tilbreyting.“

Magnús telur það ekki aðeins sjálfum sér hollt að fara á sjó, heldur muni það reynast honum mikilvæg reynsla á þingi þar sem hann situr jú í sjávarútvegsnefnd. „Síldin er auðvitað háþólitískt mál milli okkar og Norðmanna. Svona reynsla er líka öllum þingmönnum mikilvæg. Alþingi við Austurvöll er lokaður heimur og tengsl okkar við fólk í landinu eru oftast ekki í gegnum fjölmiðla. Þetta er góð leið til að komast í beinni tengsl við mannlífið,“ segir þingmaðurinn, sem býst við að mæta endurnærður og frískur á Alþingi í haust. ■



MAGNÚS ÞÓR HAFSTEINSSON Á sínum tíma safnaði Magnús myndarlegu skeggi en rakaði það síðar af. Hann gerir þó ráð fyrir að leyfa því að spreitta aftur á sjónum.

Hestaípróttir og lögreglustörf:

Unnur Birna er Ungfrú Ísland

„Mér líður ofsalega vel. Þetta var algjör draumur,“ segir Unnur Birna Vilhjálmisdóttir, sem kjörin var Ungfrú Ísland á föstudaginn var. „Ég átti alveg eins von á þessu, við stefndum allar að þessu marki og þegar maður stefnir að einhverju verður maður að gera ráð fyrir að það gangi upp.“

Það er í nógu að snúast hjá fegurstu konu landsins, sem þjálfar af kappi fyrir hestaípróttamót sumarsins og hefur sumarstörf hjá lögreglunni á Keflavíkurlflugvelli í næstu viku. „Ég ákvað að prófa eitthvað nýtt og fór því í inntökupróf í vikunni og náði því. Mig langar að fara í lögfræði í

Háskólanum í Reykjavík næsta vetur en á eftir að fá svar.“ Hún er þó ekki meira en svo viss um hvað nýfenginn titill ber í skauti sér. „Ég veit ekki alveg hvað tekur við en fer á fund með framkvæmdastjóra á morgun og þá skýrist þetta allt saman,“ segir hin önnur kafna Ungfrú Ísland, sem notaði helgina til að hvíla sig fyrir komandi daga. - bb

NÝKJÖRIN UNGFRÚ ÍSLAND Unnur Birna Vilhjálmisdóttir, Ungfrú Ísland 2005, á að eigin sögn annasamt sumar í vándum en hún þjálfar fyrir hestamót og er að hefja störf sem lögreglukona.




TILBOÐ

ACER

VL18
*Samtals kr. 186.223
9.994

ACER 9104WLMi 2.0GHz CENTRINO DOTAN 760


SJÓNVARPSKORT
Með FM úvarpi og fjarstýringu sem geymist í PCMCIA rauf fölvunnar þegar hún er ekki í notkun



15,4" CRYSTALBRITE
15,4" Widescreen skjár með nýrri CrystalBrite tækni sem skilar ótrúlegri djúpt og skerpu




8xDVD +/- SKRIFARI
Vandaður 8xDVD Dual Layer geislaskrifari sem les og skrifar DVD og venjulega geisladiska



RADEON X600
Eitt nýjasta skjákerfi frá ATI sem gengur á PCI-Express sem skilar sér í meiri afkastagetu og flottari grafík



TENGINGAR
Öll helstu tengi, FireWire, 3xUSB2, infraréd Bluetooth, TV inn og út, kortalesari o.fl.



BYNGD AÐEINS 2.9KG
Acer 9104WLMi faritölvun er 2.9kg og með rafhlöðu sem endist í allt að 3 tíma



- Örgjörvi** 2.0GHz Pentium M Dothan760 Intel Centrino er með 2MB cache
- Vinnsluminni** 512MB 333MHz DDR Stækkanlegt í 2 GB
- Harðdiskur** 80GB Ultra ATA100 4200 RPM hraður og hljóðlátur
- DVD Skrifari** 8xDVD±RW Dual Layer skrifari Skrifar og les DVD og CD diska
- Skjár** 15,4" WXGA Widescreen skjár Breiðstjaldsskjár með CrystalBrite
- Skjákort** 128MB ATI Radeon X600 Sjálstætt minni, TV-út og TV-inn
- Hátalarar** Hljóðkerfi með 2 hátölurum Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi
- Netkort** Gigabit 10/100/1000
- Þráðlaust** Einnig 56K módem innbyggt 54Mbps þráðlaust netkort Innbyggt 54Mbps Wireless 802.11g
- Stýrikerfi** Windows XP Home Á íslensku eða ensku
- Kortalesari** 3 in 1 minnis-kortalesari Innbyggður kortalesari fyrir flest kort



VERÐ 179.900

ASPIRE 1801WSMI



VL12
*Samtals kr. 155.169
12.492

2.96GHz Intel P4 515 LGA örgjörvi með 1MB flýtiminni 512MB DDR333 minni • 80GB harðdiskur • DVD±RW skrifari 17" WXGA CristalBrite skjár, 1440X900 • 128MB ATI Radeon X600 skjá kort • 2.1 hátalarar • Þráðlaust netkort • Gigabit netkort og 56k mótald • Windows XP Pro á íslensku eða ensku

VERÐ 149.900

TRAVELMATE 4101WLMi



VL15
*Samtals kr. 139.642
8.993

1.6GHz Intel Pentium M Dothan 730 örgjörvi með 2MB cache 512MB DDR2 minni • 80GB harðdiskur • DVD±RW skrifari 15,4" WXGA skjár 1280x800dpi • 64MB ATI Mobility Radeon X700 skjá kort m/ TV-Out • Innbyggt þráðlaust netkort 54Mbps 802.11g • Windows XP Home á íslensku eða ensku

VERÐ 134.900

TRAVELMATE 2301LMI



VL12
*Samtals kr. 93.060
7.492

1.3GHz Pentium M Celeron-M Centrino 256MB minni • 40GB harðdiskur DVD±RW skrifari • 15" XGA skjár 64MB Intel Extreme Graphics II skjá kort Windows XP Pro á íslensku eða ensku

VERÐ 89.900

ASPIRE 1362LMI



VL15
*Samtals kr. 104.377
6.660

Mobile AMD Sempron 2800XP örgjörvi 512MB minni • 40GB harðdiskur DVD±RW skrifari • 15" XGA skjár 64MB DDR Geforce FX Go5200 skjá kort Windows XP Home á íslensku eða ensku

VERÐ 99.900

TRAVELMATE 4051LMI



VL18
*Samtals kr. 122.044
6.550

1.5GHz Pentium M Dothan með 2MB cache • 512MB minni • 40GB harðdiskur • DVD±RW skrifari 15" XGA skjár • Intel Extreme II skjá kort Windows XP Home á íslensku eða ensku

VERÐ 117.900

TRAVELMATE 8103WLMi



1.86GHz Pentium M Dothan 750, 2MB cache • 512MB DDR2 minni • 80GB harðdiskur • DVD±RW skrifari • 15,4" WSXGA skjár • 128MB ATI RadeonX700 skjá kort Windows XP Pro á íslensku eða ensku

VERÐ 199.900

VL12
*Samtals kr. 124.374
9.992

SONY TAKMARKAÐ MAGN

MEIRI LÆKNUN

Sony Vaio B1VP **119.900**

VL12
*Samtals kr. 134.686
10.825

TAKMARKAÐ MAGN

MEIRI LÆKNUN

ACER TRAVELMAT 662LGi **129.900**

VL12
*Samtals kr. 124.374
9.992

TAKMARKAÐ MAGN

MEIRI LÆKNUN

IBM ThinkPad T42 **119.900**

VL12
*Samtals kr. 155.169
12.492

TAKMARKAÐ MAGN

MEIRI LÆKNUN

IBM ThinkPad T42 **149.900**

VL12
*Samtals kr. 124.374
9.992

TAKMARKAÐ MAGN

MEIRI LÆKNUN

IBM ThinkPad T42 **119.900**

VL12
*Samtals kr. 155.169
12.492

TAKMARKAÐ MAGN

MEIRI LÆKNUN

IBM ThinkPad T42 **149.900**

VL12
*Samtals kr. 124.374
9.992

TAKMARKAÐ MAGN

MEIRI LÆKNUN

IBM ThinkPad T42 **119.900**

VL12
*Samtals kr. 155.169
12.492

TAKMARKAÐ MAGN

MEIRI LÆKNUN

IBM ThinkPad T42 **149.900**

VL12
*Samtals kr. 155.169
12.492

TAKMARKAÐ MAGN

MEIRI LÆKNUN

IBM ThinkPad T42 **149.900**



*Vaxtalaus tilboð eru miðuð við 12, 15 eða 18 mánaða jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 3,5% stimpill og lántökugjald bættist við heildarupphæðina sem dreifist jafnt yfir samningstímann.

TÖLVULISTINN
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 11 ÁR

REYKJAVÍK
Nóatúni 17
Sími 562 6730

AKUREYRI
Glerárgötu 36
Sími 464 7400

KEFLAVÍK
Hafnargötu 90
Sími 534 7400



Lestu þetta Kristinn!

Samkvæmt 12. grein knattspyrnulaga fyrir árið 2005 skal refsá með brottvísun öllum hættulegum tæklingum sem stofna öryggi mótherja í hættu. Hjá dómaraeðnd er lögð áhersla á að vernda leikmenn fyrir alvarlega grófum og hættulegum leikbrotum.

sport

sport@frettabladid.is

TRYGGVI GUÐMUNDSSON BYRJAR MEÐ LÁTUM: ÞRENNA GEGN GRÍNDAVÍK Í GÆR

Hugsa lítið um markametið

„Já, ég fann mig ágætlega og nýtti færin,“ sagði Tryggvi Guðmundsson, hógvæðin uppmáluð, í samtali við Fréttablaðið eftir að hafa skorað þrennu gegn Grindavíkum í Landsbankadeildinni í gær. Tryggvi hefur heldur betur stimplað sig inn í mótið í ár, er kominn með fjögur mörk í fyrstu tveimur leikjunum og þau þrjú sem komu í gær voru hvert öðru glæsilegra.

„Boltinn fór nákvæmlega þangað sem hann átti að fara,“ sagði Tryggvi um fyrsta markið, sem kom beint úr aukaspurnu af 25 metra færi. Annað markið skoraði Tryggvi með góðu skoti úr teignum en það þriðja með glæsilegri vippu sem kom með hægri fæti í þokkabót. „Já, hægri löppin er að gera það gott þessa dagana,“ sagði Tryggvi en hann skoraði einmitt með hægri

fæti í fyrstu umferðinni gegn Keflavík.

Aðspurður um hvort markametið væri í hættu sagði Tryggvi að hann héldi að svo væri ekki. „Ég á náttúrulega metið ásamt öðrum og það er virkilega gaman. En ég er ekkert að hugsa um þetta met. Ég sagði nú í gríni fyrir tímabilið að ég ætlaði að skora 28 mörk en ég meinti lítið með því. En þetta byrjar vel,“ segir Tryggvi. Hann hefur nú skorað í átta leikjum í röð í efstu deild á Íslandi, en hann endaði síðasta tímabil sem hann lék hér á landi árið 1997, þá með Eyjamönnum, með því að skora í síðustu sex umferðunum. Nú hefur hann skorað í fyrstu tveimur umferðunum og nálgast hann ódfluga met Arnars Gunnlaugsson-

ar, sem skoraði í 11 leikjum í röð á sínum tíma með ÍA. „Þetta er annað met sem ég hugsa ekkert um. Ég vil bara að FH-liðinu gangi sem best.“

Tryggvi er að vonum sáttur með byrjun FH-inga á Íslandsmótinu. „Það var mjög erfitt að spila í þessum vindi en við náum að skora fimm mörk og sýnum að það eru virkilega miklir hæfileikar í þessu liði,“ segir Tryggvi. Hann kveðst ekki viss um hvort þetta FH-lið sé það sterkasta sem hann hafi spilað með hér á landi. „Eyjaliðið 1997 var nú fínt og mjög vel spilaði. Það er mjög erfitt að bera þetta saman en það er ljóst að ég er hluti af mjög öflugri liðsheld hér hjá FH í dag.“




> Við finnum til með ...

... Keflavíknum Ingva Rafni Guðmundssyni, sem varð fyrir fólkskulegri árás Páls Þorvalds Hjarðar í leik ÍBV og Keflavíkur í gær. Ingvi Rafn hafði verið frábær í fyrstu tveimur leikjum ársins en þarf nú að dúsa á hliðarlínunni það sem eftir lifir sumars.

> Við skiljum ekki ...

... af hverju í ósköpunum Kristinn Jakobsson dómari leiks ÍBV og Keflavíkur gaf Páli Hjarðar aðeins gult spjald fyrir ljótustu tæklingu sem sést hefur á Íslandi í háa herrans tíð. Þessi maður á að heita besti dómari landsins ...



TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á SYN.IS
NETÁSKRIFT – BESTA LEIÐIN

FJÓRIR MÁNUÐIR Á VERÐI ÞRIGGJA

DÚNDUR SUMARTILBOÐ

HORFÐU Á SÝN TIL 5. SEPT.
FYRIR AÐEINS 805 KR. Á VIKU.

MÖGNUM DAGSKRÁ
FRAMUNDAN

LIVERPOOL - AC MILAN
LANDSBANKAEILDIN
MIKE TYSON
NBA ÚRSLITAKEPPNINN
US OPEN
ÞÝSKALAND - ARGENTÍNA
BRASÍLÍA - GRIKKLAND
BRASÍLÍA - ARGENTÍNA

OG MIKLU MEIRA Í ALLT SUMAR.



SÝN
– besta sætið

Baráttusigur KR í rokinu

KR-ingar eru með fullt hús stiga eftir fyrstu tvær umferðirnar. Þeir unnu 1–0 sigur á Frömum, sem voru óheppnir að skora ekki í leiknum.



KR-völlur, áhorf: 1983 Jóhannes Valgeirss. (6)
1–0 Rógvi Jacobsen (47)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	8–10 (2–3)
Horn	3–6
Aukaspurnur fengnar	18–19
Rangstöður	6–2

FÓTBOLTI „Þetta var mikill rokleykur og við erum mjög sáttir við að hafa fengið stigin þrjú,“ sagði Magnús Gylfason að loknum leik KR og Fram í Frostaskjólínu í gær. Aðstæður voru varla boðlegar, ískalt og mjög havsst. Völlurinn var greinilega harður og rann boltinn illa á honum.

Leikurinn var, miðað við þetta, alls ekki slæmur. KR-ingar voru mun betri en gegn Fylki í 1. umferðinni og Framarar voru að leika fína knattspyrnu. Grétar Ólafur Hjartarson lék sinn fyrsta leik fyrir KR en Kim Nörholt var ekki í leikmannahópi Fram. Grétar átti einmitt fyrsta færi leiksins er hann skaut yfir mark Framara á 3. mínútu. Arnar Gunnlaugsson gerði hið sama síðar í leiknum og fóru reyndar framherjarnir báðir illa með færin sín í leiknum öllum.

Sterk vörn KR

Um var að ræða varnarsigur KR, fyrst og fremst. Veikasti hlekkurinn, Gunnar Einarsson, var tekinn út af á 40. mínútu og steig KR-vörnin ekki feilspor eftir það. Sigmundur Kristjánsson fór í hans stöðu og Rógvi Jacobsen fór í fremstu víglínu. „Gunnar meiddist en breytingin var líka taktísk,“ sagði Magnús. „Ég vildi stóran mann í framlínuna vegna roksins.“



HART BARIST Grétar Ólafur Hjartarson í baráttu við Framarann Kristján Hauksson. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURJÓN

Miðjan hjá KR var betri en gegn Fylki, en getur samt betur. Hið sama má segja um Fram en liðið saknaði greinilega Nörholt, sem var duglegur að skapa færin gegn ÍBV um síðustu helgi. Sóknarmennirnir sýndu ágæta takta, sérstaklega Andri Fannar framan af, en þeir voru ávallt stöðvaðir af vörninni eða Kristjáni í markinu, manni leiksins.

Var ekki áhyggjufullur

Framarar sóttu stíft á lokamínútunum, en Magnús sagðist ekki hafa verið áhyggjufullur. „Við gerðum okkar skyldu. Ég er sáttur við mína menn enda lögðu þeir sig mikið fram.“

Leikjadagskráin er þétt þessa dagana í Landsbankadeildinni og eru þessir leikir þýðingarmiklir. 6 stig KR-inga úr fyrstu tveimur

umferðunum eru einkar dýrmat, sérstaklega þegar andstæðingar þeirra hafa leikið jafn vel og raun ber vitni. Það gæti haft mikið að segja þegar fram liða stundir.

eirikurst@frettabladid.is

KR 4–4–2	FRAM 4–3–3
Kristján 7	Gunnar S. 6
Gunnar E. 4	McLynn 6
(40. Rógvi 6)	(85. Ómar 6)
Tryggvi 7	Kristján 6
Ágúst Þór 7	Þórhallur Dan 6
Matute 7	Gunnar Þór 7
Sölvi 6	Ingvar Þór 6
Bjarnólfur 5	Mathiesen 7
Sigurvin 6	(75. Ívar 6)
Sigmundur 7	Viðar 5
Arnar G. 5	Andri Fannar 7
(79. Vigfús 6)	Ríkharður 5
Grétar 5	Andri Steinn 6
(61. Gunnar K. 6)	(75. Heiðar 6)

*BESTUR Á VELLINUM

Mónakókappaksturinn í Formúlu eitt fór fram í gær:

Auðvelt hjá Kimi Räikkönen

FORMÚLA Finnski ökuþórinn Kimi Räikkönen vann nokkuð auðveldan sigur í Mónakókappakstrinum í gær, eftir að hafa verið hlutskarpastur í tímatökunum á laugardaginn. Sigurinn var hans annar í röð og fleytir Finnannum unga í annað sætið í keppni ökumanna. Í öðru og þriðja sæti á eftir Räikkönen voru Williams-ökumennirnir Nick Heidfeldt og Íslandsvinurinn Mark Webber, sem náðu að taka fram úr Fernando Alonso á lokakaflanum. Juan Pablo Montoya náði fimmta sætinu eftir að hafa ræst síðastur og á eftir honum komu þeir Schumacher-bræður, Ralf í því fimmta og Michael í sötta.

„Ég vil nú helst þakka þeim Williams-mönnum fyrir að fara fram úr Alonso og tryggja mér betri stöðu gagnvart honum í stiga-keppninni,“ sagði hinn hæglati finniski ökumaður.



LÉTT DAGSVERK Kimi Räikkönen vann auðveldan sigur í Mónakó í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Michael Schumacher átti ekki til orð yfir óheppni sinni í keppninni í gær. „Ég held að allt hafi farið úrskeiðis sem gat farið úrskeiðis hjá okkur í byrjun keppninnar,“ sagði Þjóðverjinn, sem missti framvæng eftir að hann ók á David Coulthard þegar teppa myndaðist í brautinni. „Ég held raunar að við getum bara þakkað fyrir að ná í tvö stig í dag miðað við hversu brösulega gekk hjá okkur,“ sagði Schumacher. baldur@frettabladid.is

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ
20 21 22 23 24 25 26

Mánudagur

LEIKIR

- 19.15 Valur og ÍA mætast á Hlíðarenda í Landsbankadeild karla í fótbolta.
- 20.00 HK og Haukar mætast á Kópavogsvelli í fyrstu deild karla í fótbolta.

SJÓNVARP

- 13.40 Úrslitakeppni NBA á Sýn. Útsending frá leik Phoenix og Spurs.
- 16.35 Helgarsportíð á RÚV.
- 16.50 Fótboltakvöld á RÚV.
- 18.55 Valur-ÍA á Sýn. Bein útsending úr Landsbankadeild karla.
- 21.05 Boltinn með Guðna Bergs á Sýn.
- 22.00 Ólissport á Sýn.

LEIKIR GÆRDAGSINS

Landsbankadeild karla:

STADAN:

FH	2	2	0	0	8-1	6
KR	2	2	0	0	3-1	6
FRAM	2	1	0	1	3-1	3
VALUR	1	1	0	0	3-1	3
ÍA	1	1	0	0	1-0	3
FYLKIR	2	1	0	1	3-3	3
KEFLAVÍK	2	1	0	1	3-5	0
ÞRÓTTUR	2	0	0	2	1-3	0
ÍBV	2	0	0	2	2-6	0
GRINDAVÍK	2	0	0	2	2-8	0

1. deild karla:

VÍKINGUR Ó.-KS	1-0
1-0 Ejub Purisevic (8).	
FJÖLNIR-KA	2-0
1-0 Pétur Markan, 2-0 Sigmundur Ástþórsson.	
VÖLSUNGUR-BREIÐABLIK	0-1
0-1 Kristján Óli Sigurðsson (16).	
ÞÓR AK.-VÍKINGUR R.	1-1
0-1 Jón Guðbrandsson (12.), 1-1 Steinn Símonarson, víti (84.).	

Dýski handboltinn:

FLensburg-DÜSSELDORF	31-26
Alexander Petersson skoraði 4 mörk fyrir Düsseldorf en Markús Máni Michaelson komst ekki á blað.	
KIEL-ESSEN	32-25
Guðjón Valur Sigurðsson var markahæstur fyrir Essen og skoraði 9 mörk.	
MINDEN-LEMGO	29-30
Logi Geirsson skoraði 3 mörk fyrir Lemgo.	
PFÜLLINGEN-WILHELMHAVENER	32-30
Gylfi Gylfason skoraði 3 mörk fyrir Wilhelmsh.	
GROSSWALLSTADT-WETZLAR	36-34
Snorri Steinn Guðjónsson skoraði 12/2 mörk fyrir Grosswallstadt og Einar Hólmgeirsson bætti við 5 Róbert Sighvatsson var markahæstur hjá Wetzlar með sex mörk.	
HAMBURG-MAGDEBURG	28-26
Arnar Atlason var markahæstur hjá Magdeburg með 5 mörk og Sigfús Sigurðsson skorað 3 mörk.	

Vínáttulandsleikur í kórflu:

ÍSLAND-ENGLAND	63-77
Stig Íslands: Hildur Sigurðard. 17 (8 fráköst, 5 stoðs.), Helena Sverrisd. 12 (5 fráköst), Helga Jónasdóttir 8 (8 fráköst), Birna Valgarðsdóttir 7, Signý Hermannsdóttir 5 (8 fráköst, 5 varin), Þórunn Bjarnad. 4, Rannveig Randversd. 4, Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir 3, Bryndís Guðmundsd. 2, Alda Leif Jónsd. 1.	

Naumur en góður Fylkissigur

Fylkismenn sóttu þrjú stig í Laugardalinn í gær er liðið vann Þrótt, 2-1. Nú voru það Fylkismenn sem skoruðu sigurmarkið á lokamínúturnum eftir að hafa verið hinum megin við það borð í 1. umferðinni.

Próttur 1-2 Fylkir
Valsvöllur, áhorf: 1052 Ólafur Ragnarsson (7)

1-0 Páll Einarsson, víti (29.)
1-1 Valur Fannar Gíslason (55.)
1-2 Albert Brynjar Ingason (90.)



TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	5-18 (1-6)
Horn	2-12
Aukaspynnur fengnar	7-13
Rangstöður	2-4

FÓTBOLTI Fylkismenn unnu verðskuldaðan sigur á Þrótti á Laugardalsvelli í gær. Gestirnir stjórnuðu leiknum ef frá er talinn góður kafli undir lok fyrri hálfleiksins þar sem Þróttarar skoruðu mark og voru betri aðilinn. „Fyrri hálfleikur slapp kannski af okkar hálfu en sá síðari var frekar slakur. En eftir markið hættum við einhverra hluta vegna og vorum ekki í neinu standi til að mæta þeim eftir hálfleikinn,“ sagði Þróttarinn Ingvi Sveinsson eftir leik.

„Við hefðum átt að skora 4-5 mörk í síðari hálfleiknum,“ sagði Þorlákur Árnason, þjálfari Fylkis, eftir leikinn. „En sigurinn var sætur, sérstaklega í ljósi tapleiksins gegn KR í síðustu viku.“

Eins og Þorlákur segir hefðu Fylkismenn með réttu átt að vera löngu búnir að tryggja sér sigurinn áður en markið kom á elleftu stundu. „Fótboltalega séð erum við búnir að spila mjög vel en það virðist vanta gæði uppi við markið. Við erum að sækja fram á

FYRIRLIÐINN JAFNAR Valur Fannar Gíslason skallar hér boltann í mark þróttar og jafnar leik liðanna í laugardalnum í gær. Þetta var fyrsta mark Vals Fannars í rétt mark í sumar en hann bætti þarna fyrir sjálfsmarkið gegn KR í síðustu umferð. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

öllu liðinu en vantar að klára sóknirnar. Björgólfur og Sævar Þór hafa átt í meiðslum en eru allir að koma til baka.“

Þorlákur hefur þó ekki áhyggjur af sínum mönnum. „Það er ferskur blær í liðinu, enda með mikið af ungum mönnum í liðinu.“ Einn þeirra, Albert Brynjar, var ekki í hópnum gegn KR en nýtti tækifærið vel nú og skoraði

sigurmarkið. „Loksins skoraði hann sitt fyrsta mark í alvöru meistaraflokksleik. Við vissum að það hlýti að koma að því,“ sagði Þorlákur.

Valur Fannar Gíslason skoraði jöfnunarmark Fylkis á 55. mínútu með skalla eftir horn, rétt eins og gegn KR, nema nú í rétt mark. Páll Einarsson gerði mark Þróttar úr víti. eirikurst@frettabladid.is

ÞRÓTTUR 3-5-2		FYLKIR 4-4-2	
Fjalur	7	Bjarni Þórður	7
Eysteinn	5	Helgi Valur	7
Jens	7	Ragnar	6
(73. Ólafur)	-	Valur Fannar	7
Dusan Jaic	5	Gunnar Þór	6
Freyr	6	Víktor Bjarki	6
Páll	6	Guðni Rúnar	6
Halldór	6	Finnur	7
Hallur	5	Eyjólfur	6
Ingvi	6	(89. Jón Björgvin)	-
Maruniak	6	Sævar Þór	6
(80. Henning)	-	(32. Albert Brynjar)	7
Sævar	5	Björgólfur	6
(65. Þórarinn)	4	(69. Björn Viðar)	6

*BESTUR Á VELLINUM

INNTRITUN

Traust menntun

í framsæknum skóla

Innritun fyrir alla aðra en þá sem ljúka grunnskólaprófi í vor:

Innritun: 25. og 26. maí, kl. 12-16.

Innritun í fjarnám:

Innritun í fjarnám hefst 24. maí á vef skólans www.ir.is

Innritun í kvöldskóla:

Innritun í fjarnám hefst 24. maí á vef skólans www.ir.is

Allar nánari upplýsingar á www.ir.is og á skrifstofu skólans, síma 522 6500.

Almennt svið

- Almennar námsbrautir
- Nám til stúdentsprófs

Byggingasvið

- Grunn nám bygginga- og mannvirkjagreina
- Málaraíðn
- Húsasmíði
- Múrsmíði
- Húsgagnasmíði
- Veggfóðrun

Hönnunarsvið

- Listnámsbraut Almenn hönnun
- Klæðskurður
- Keramik
- Kjólasmurur
- Hársnyrting

Málmtæknisvið

- Grunn nám bíliðna
- Gull- og silfursmíði
- Málmtæknibraut

Rafiðnasvið

- Grunn nám rafiðna
- Rafveituvirkjun
- Rafvirkjun
- Rafvélavirkjun
- Rafeindavirkjun
- Símsmíði

Sérdeildasvið

- Sérdeild
- Nýbúabraut

Tölvusvið

- Tölvubraut
- Forritun
- Netkerfi

Upplýsinga- og margmiðlunarsvið

- Grunn nám upplýsinga- og fjölmiðlagreina
- Sérsvið: Bókband
- Grafísk miðlun*
- Ljósmyndun
- Prentun*
- Veftækni*
- Nettækni*
- Tækniteikun
- Margmiðlunarskólinn

LÁNSHÆFT NÁM


2ja ára nám þar sem umsækjendur þurfa að hafa lokið tveggja ára námi í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum, lokið námi af listnámsbrautum, tölvubrautum eða öðru sambærilegu námi.

* Kenn á haustönn 2005

ÍÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK

SÍMI 522 6500 • FAX 522 6501 www.ir.is • ir@ir.is

Fréttablaðið er leiðandi



Lestur á leiðarasiðu Íslendingar 18-49 ára



Tölurnar tala sínu máli. Mun fleiri Íslendingar lesa leiðarasiðu Fréttablaðsins en leiðarasiðu Morgunblaðsins.

FRÉTTABLAÐIÐ

-Stærsti fjölmiðillinn

Mælingin er byggð á meðallesi á leiðarasiðu Fréttablaðsins þriðjudaga, miðvikudaga, föstudaga, laugardaga og sunnudaga og lestri á leiðarasiðu Morgunblaðsins á fimmtudögum. Fjölmiðlakönnun Gallup maí 2005

Tryggvi skoraði þrennu

FH-ingar sýndu mátt sinn og megin þegar þeir gjörsgruðu Grindavík á útivelli í gær, 5-1. Tryggvi Guðmundsson skoraði þrennu í leiknum og er þá búinn að skora fjögur mörk í fyrstu tveimur umferðunum.



Grindav., áhorf: 820	Egill M. Markússon (7)
0-1 Tryggvi Guðmundsson	(33.)
0-2 Allan Borgvardt	(43.)
0-3 Tryggvi Guðmundsson	(63.)
0-4 Tryggvi Guðmundsson	(76.)
0-5 Baldur Bett	(77.)
1-5 Paul McShane	(85.)

TÖLFRÆÐIN	
Skot (á mark)	5-18 (1-6)
Horn	2-12
Aukaspjrnur fengnar	7-13
Rangstöður	2-4

FÓTBOLTI „Tryggvi er framlínumaður og það er hans hlutverk að skora mörk. Á meðan hann gerir það er ég sáttur,“ sagði Ólafur Jóhannesson, þjálfari FH, við Fréttablaðið og setti þannig afrek Tryggva Guðmundssonar í einfalt samhengi. „Mörkin eða markatalan skipta mig engu máli. Við stefndum að því að fá sex stig frá Suðurnesjunum í þessum tveimur fyrstu umferðum. Það gekk eftir og ég get ekki annað en verið sáttur við það,“ bætti Ólafur við.

Það tók lærisveina Ólafs nokkurn tíma að komast í gang í Grindavík í gær. Liðið spilaði undan miklum strekkingsvindi í

fyrri hálfleiknum í gær og réðu leikmenn liðsins illa við þann vind framan af leik. Heimamenn áttu í fullu tré við Íslandsmeistara þrátt fyrir að vera með vængbrotið lið með þrjá fastamenn frá vegna meiðsla. Sinisa Kekic var reyndar kominn aftur í öftustu vörn eftir að hafa misst af fyrsta leiknum gegn Val og gefur nærvera hans leik Grindavíkur ákveðið öryggi.

Það var ekki fyrir en Tryggvi hafði skorað fyrsta markið sem FH-ingar fóru fyrst að spila sinn leik. Þeir náðu öllum tókum á vellinum og rétt fyrir hálfleik bætti Allan Borgvardt við öðru marki og gerði hann það með glæsilegri hælsþyrnu eftir hornspyrnu.

Milan Jankovic gerði rétt með því að færa Kekic í fremstu vöglínu í síðari hálfleik enda hafði liðið engu að tapa. Kekic átti eftir að reynast sóknarleik liðsins mjög vel og sóttu Grindvíkingar hart að marki gestanna framan af síðari hálfleik. En brotthvarf hans úr vörninni átti eftir að vega þungt. Án hans fór allt jafnvægi úr vörninni og eftir að Tryggvi hafði bætti við þriðja markinu úr fyrstu alvöru sókn FH í síðari hálfleik datt allur botn úr leik Grindvíkinga og þeir hreinlega gáfust upp. FH-ingar gengu á lagið og bættu við tveimur mörkum áður en yfir lauk en Ian Paul

McShane náði að skora eitt sára-bótarmark í lokin.

„Þetta er spurning um heppni. Það féll allt þeirra megin í dag og það átti eftir að skipta miklu,“ sagði Óli Stefán Flóventsson, leikmaður Grindavíkur, við Fréttablaðið í leiklok. Hlutskipti Óla og félagans hans er ekki öfundsvært – liðið er neðst með markatöluna 1-8 og þarf sannarlega að hysja upp um sig buxurnar ef leiðin á ekki að liggja beint niður í 1. deild að ári.

„Við verðum bara að þjappa okkur saman og hugsa um næsta leik. Þetta er erfitt en andinn í liðinu er finn þrátt fyrir allt mótlætið. Við vitum alveg nákvæmlega hvað við getum en við verðum að koma þessu inn á völinn. Ég hef fulla trú á að það gerist fljótlega,“ sagði Óli jafnframt.

Öðruvísi horfir við hjá FH-ingum. Þeir eru á toppnum með átta mörk skoruð í tveimur leikjum þrátt fyrir að hafa spilað töluvert undir getu og ljóst að liðið er gríðarlega sterkt. Lið sem getur leyft sér að skilja menn á borð við Ármann Smára Björnsson og Jónas Grana Garðarsson utan hóps, eins og raunin var í gær, er líklegt íslandsmeistaraefni og með Tryggva og Borgvardt í stuði eins og í gær hafa fá lið, ef nokkur, burði til að stöðva FH.

vignir@frettabladid.is

GRINDAVÍK 4-5-1	FH 4-3-3
Savic 5	Daði 6
Óðinn 5	Guðmundur 7
Kekic 7	Auðun 7
Óli Stefán 5	Nielsen 5
Eyþór Atli 4	Freyr 6
Nistroj 5	Heimir 5
Eysteinn 5	(77. Siim -)
Óskar Örn 6	Ásgeir 6
Jóhann Helgi 4	(69. Baldur 7)
(85. Andri Hjörvar -)	Davíð Þór 5
McShane 5	Jón Þorgrímur 5
Ahandour 5	(75. Ólafur Páll 6)
(85. Emil Daði 5)	Tryggvi 8
	Borgvardt 7

*BESTUR Á VELLINUM

4 MÖRK Í 2 LEIKJUM Tryggvi Guðmundsson hefur skorað fjögur mörk í fyrstu tveimur deildarleikjum sínum með FH en hann skoraði þrennu í Grindavík í gær. Tryggvi hefur nú skorað í átta leikjum í röð í úrvalsdeildinni. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURJÓN

Keflvíkingar sóttu sigur til Eyja

Keflvíkingar innbyrtu sín fyrstu stig í sumar með góðum 3-2 útisigri á ÍBV. Eyjapeyjar voru slakir og er útlitið svart í Eyjum.



Hásteinsv., áhorf: 250	Kristinn Jakobsson (8)
0-1 Hörður Sveinsson	(6.)
1-1 Steingrímur Jóhannesson	(24.)
1-2 Guðmundur Steinarsson	(34.)
1-3 Ingvi Rafn Guðmundsson	(50.)
2-3 Andri Ólafsson	(90.)

TÖLFRÆÐIN	
Skot (á mark)	8-10 (3-4)
Horn	4-7
Aukaspjrnur fengnar	15-15
Rangstöður	3-4

FÓTBOLTI Keflvíkingar sóttu þrjú dýrmæt stig til Vestmannaeyja í dag þar sem þeir sigruðu slaka Eyjapeyja 3-2 í Landsbankadeild karla í knattspyrnu. Keflavíkurlíðið byrjaði með miklum látum og var búið að koma knettinum í netið hjá ÍBV eftir aðeins 6 mínútna leik en þar var að verki Hörður Sveinsson. Hann renndi knettinum í hornið framhjá Birki Kristinssyni, markverði ÍBV, sem

átti eftir að sækja boltann oftar í netið þennan daginn. Eyjamenn settu aðeins í gír eftir markið og þeirra besti maður, Atli Jóhannsson, var nálægt því að jafna metin á 16. mínútu þegar hann átti skot í slá langt utan af velli. Stangirnar reyndust Keflvíkingum líka erfiðar en Guðmundur Steinarsson, besti maður vallarins, skaut bæði í slá og stöng áður en Steingrímur Jóhannesson náði að jafna leikinn fyrir ÍBV talsvert gegn gangi leiksins. Eyjamenn náðu hins vegar ekki að fylgja markinu eftir og á 34. mínútu kom Guðmundur Steinarsson Keflavík í 2-1 þegar hann slapp einn inn fyrir vörn ÍBV og kom boltanum framhjá Birki. Keflavík sóttu stíft fram að leikhléi og voru óheppnir að bæta ekki við fleiri mörkum.

Keflvíkingar hófu seinni hálfleikinn eins og þann fyrri og Ingvi Rafn Guðmundsson skoraði þriðja mark liðsins á 50. mínútu. Eftir markið virtist allur vindur vera úr Eyjamönnum, sem náðu lítið að skapa sér af færum. Guðlaugur Baldursson, þjálfari ÍBV, bætti í

sóknina en Keflavíkurvörnin hélt allt þar til á lokamínútu leiksins, þegar Andri Ólafsson minnkaði muninn fyrir Eyjamenn. Það mark kom hins vegar of seint.

Lewis Dodds, leikmaður ÍBV, fékk að líta rauða spjalðið á 88. mínútu fyrir gróft brot á Hólmarí Erni Rúnarssyni en Páll Þorvaldur Hjarðar hefði átt að fá að líta sama litinn þegar hann braut gróflega á Ingva Rafni Guðmundssyni, sem þurfti að yfirgefa völinn í kjölfarið. -já

ÍBV 4-3-3	KEFLAVÍK 4-4-2
Birkir 5	Ómar 6
Bjarni Hólm 5	Milicevic 6
(30. Lewis Dodds 4)	Johannsson 7
Páll Þorvaldur 4	O'Callaghan 6
Einar Hlödver 4	Guðjón 6
(80. Pétur -)	Gestur 7
Bjarni Geir 4	Jónas Guðni 6
Andri 5	Ingvi Rafn 7
Atli 6	(54. Baldur 6)
Magnús Már 5	Hólmar 6
Ian Jeffs 5	Guðmundur 8
(55. Platt 4)	(80. Ásgrímur -)
Andrew Sam 5	Hörður 7
Steingrímur 6	(90. Atli Rúnar -)

*BESTUR Á VELLINUM



STIGAHÆST Hildur Sigurðardóttir skoraði 17 stig fyrir Ísland í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/E.Ó.L.

Vináttulandsleikir í körfu: Tap í lokaleik

KÖRFUBOLTI Íslenska kvennalandsliðið í körfubolta vann tvo af þremur vináttulandsleikjum við England sem fram fóru um helgina. Eftir tvo góða sigar í fyrstu tveimur leikjunum vann enska liðið öruggan 14 stiga sigur, 63-77, í lokaleiknum í Njarðvík í gær. Íslenska liðið byrjaði þó leikinn vel og náði mest 12 stiga forskoti, 23-11, í upphafi annars leikhluta.

Birna Valgarðsdóttir bætti tvö landsliðsmet í sigri íslenska liðsins á laugardaginn en hún lék þá sinn 61. landsleik og bætti þar með landsleikjamet Önnu Maríu Sveinsdóttur. Birna bætti einnig met Bjargar Hafsteinsdóttur yfir flestar 3ja stiga körfur skoraðar fyrir A-landsliðið. -ooj

Handboltalandslið karla og kvenna voru í eldlínunni í Færeyjum um helgina:

Auðveldir sigrar hjá báðum liðum

HANDBOLTI Íslenska landsliðið í handknattleik spilaði tvo æfingaleiki við Færeyinga um helgina og voru leikirnir liður í undirbúningi liðsins fyrir umspilsleikina við Hvít-Rússa í sumar. Lið Íslands var eingöngu skipað leikmönnum sem leika hérlandis og eftir auðveldan sigur í fyrri leiknum á laugardag sigruðu Íslendingar aftur í Þórshöfn í gær, 36-27, eftir að staðan hafði verið 18-8 í hálfleik.

Þórir Ólafsson og Baldvin Þorsteinsson voru markahæstir í íslenska liðinu í gær með níu mörk hvor og Ásgeir Örn Hallgrímsson skoraði sex mörk. Það var Birkir Ívar Guðmundsson sem lagði grunninn að góðum sigri íslenska liðsins með því að verja 14 skot í fyrri hálfleiknum, sem skilaði mörgum hraðaupppláupum sem kafsígldu heimamenn.

„Strákarnir léku mjög vel og ég er mjög sáttur við þessa tvo leiki hérna um helgina,“ sagði Viggó Sigurðsson, sem þó hefði eflaust óskað sér meiri mótspyrnu fyrir lið sitt. „Færeyingararnir voru slakari en ég átti von á, þeir voru með sitt A-lið og ég verð að segja að ég átti von á meiru frá þeim. Þetta gekk heilt yfir bara mjög vel hjá okkur í sókn og vörn.“



MARKAHÆSTUR Í BÁÐUM LEIKJUM Baldvin Þorsteinsson var markahæstur í báðum sigurleikjunum gegn Færeyingum og skoraði samtals 19 mörk í leikjunum tveimur. Hér sést hann í leik með Val gegn Haukum í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Við spilðum 5-1 vörn allan tímann og ætlum að reyna að byggja á því,“ sagði Viggó, sem mun á miðvikudaginn tilkynna liðið sem mætir Hvít-Rússum í umspilinu um sæti á EM.

Kvennalandsliðið lék einnig síðari leik sinn við Færeyinga í gær og hafði auðveldan sigur 24-14, þar sem Hekla Daðadóttir var markahæst með sjö mörk.

baldur@frettabladid.is

Rætur x Skapgerð

Stefna

3

Ný BMW 3 lína. Bara best.

Með bílinn handa þér

BMW 320i frá kr. 3.150.000

Pegar 3 línan kom fyrst á markað fyrir 30 árum, kynnti BMW til sögunnar nýjar áherslur í hönnun úrvalsbifreiða. Í stað þunglamalegra lúxusbíla eða hraðskreiðra sportbíla var komin bifreið sem sameinaði óaðfínanlega fagað afl og þróaða tækni. Nýja BMW 3 línan varð því strax þekkt sem Hið fullkomna aksturstæki og hefur sem slík mótað þá mælikvarða sem úrvalsbifreiðar eru bornar við. Eins og sannur leiðtogi hefur 3 línan rutt nýjum straumum farveg og markað þeim stefnu, kynslóð fram af kynslóð. Nýja BMW 3 línan er sannur arftaki þessarar leiðtogahefðar. Upplifðu ósvikna akstursánægju. Upplifðu nýju BMW 3 línuna, þá bestu úr smiðju BMW til þessa.

B&L, Grjóthálsi 1, 575 1200, www.bmw.is

Ný BMW 3 lína

www.bmw.is

Sheer Driving Pleasure



LANDSBRANKAÐEILDIN



Erfitt að sleppa frá Ross

